



Skýrsla

Starfshóps um markvisst verklag við útfærslu tillagna fagraðs um eflingu málproska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.

[Nóvember/2018]



Reykjavíkurborg

Inngangur

Skóla- og frístundaráð samþykkti þann 13. desember 2017 að skipa starfshóp um aðgerðaáætlun varðandi læsi, með fulltrúum leikskóla, grunnskóla, frístundastarfs, skólaþjónustu, háskólasamfélagsins og Miðju máls og læsis (MML). Hlutverk hópsins er að koma með tillögur að nánari útfærslu tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skólum og frístundastarfi í Reykjavík frá 2015 og með hliðsjón af áherslum menntastefnu Reykjavíkurborgar. Sérstök áhersla verði lögð á að útfæra nánar tillögur fagráðsins um hvernig megi stuðla að auknum framförum nemenda og hækka hlutfall þeirra sem getur lesið sér til skilnings. Jafnframt verði greindar nánar niðurstöður lestrarskimana m.a. út frá fylgni við lýðfræðilegar breytur, samsetningu nemendahópa og kennsluaðferðir.

Í hópnum voru:

Dröfn Rafnsdóttir verkefnastjóri hjá skóla- og frístundasviði og formaður hópsins,
Þóra Sæunn Úlfisdóttir talmeinafræðingur og ráðgjafi MML,
Sigrún J. Baldursdóttir ráðgjafi MML,
Bára Birgisdóttir aðstoðarskólastjóri í Húsaskóla, fulltrúi grunnskóla,
Sigrún Grétarsdóttir leikskólastjóri Hólaborg, fulltrúi leikskóla,
Þóra Melsted, deildarstjóri barnasviðs í Gufunesbæ, fulltrúi frístundar,
Kristín Ármannsdóttir, kennsluráðgjafi í þjónustumiðstöð Breiðholts, fulltrúi skólaþjónustu og
Freyja Birgisdóttir, dósent við HÍ, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Hlutverk starfshóps er skv. erindisbréfi (sjá fylgiskjal 1) að útfæra tillögur fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skólum og frístundastarfi, sem samþykktar voru af skóla- og frístundaráði 2015. Hópnum var falið að móta verklag um framkvæmd þeirra með hliðsjón af áherslum menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sem Menntastefna var í vinnslu á meðan starfshópurinn starfaði, var ekki hægt að byggja á lokaútgáfu hennar en horft var til vinnugagna og draga (Reykjavíkurborg, 2018). Einnig var horft til fjármálaáætlunar 2018- 2022 (Stjórnarráðið, 2018), samantektar SSH um skóla og menntun í fremstu röð, skýrslu skólamálapings sveitafélaganna og greiningar á stöðu grunnskólanemenda með íslensku sem annað mál sem gefin var út í janúar 2018 af Menntamálastofnun.

Verkefni hópsins voru viðamikil og sum þeirra ekki hægt að framkvæma á stuttum tíma. Nokkur kalla á frekari kannanir eða jafnvel rannsóknir sem taka langan tíma í framkvæmd. Dæmi um þetta er greining á niðurstöðum lestrarskimana út frá fylgni við lýðfræðilegar breytur, samsetningu barnahópa og kennsluaðferðir. Til að komast að því hvaða lestrarkennsluaðferðir eru notaðar þarf að fara fram langtímarannsókn sem vinna þyrfti í samvinnu við háskólasamfélagið.

Helstu verkefni starfshópsins voru, samkvæmt erindisbréfi að :

1. móta verklag um hvernig stuðla megi að auknum framförum allra grunnskólanemenda í lestri og hækka hlutfall þeirra sem getur lesið sér til skilnings við lok annars bekkjar grunnskóla
2. móta verklag um vinnu með mál og læsi fyrir skóla- og frístundastarf
3. greina niðurstöður lestrarskimana m.a. út frá fylgni við, lýðfræðilegar breytur, samsetningu barnahópa og kennsluaðferðir
4. móta og leggja fram aðgerðarbundin og tímasett markmið og áætlun um innleiðingu þeirra

Verkefni starfshóps.

Starfshópurinn starfaði formlega á tímabilinu 1.janúar - 30.apríl 2018. Starfsmenn hópsins voru ráðgjafar Miðju máls og læsis og unnu þeir í samvinnu við fulltrú skýrsluna fram til skiladags. Hópurinn hélt alls níu formlega fundi á tímabilinu. Í upphafi vinnunnar var Héðinn Unnsteinsson sérfræðingur hjá forsætisráðuneytinu fenginn á fund til að fjalla um skýrslugerð og markmiðssetningu starfshópa.

Til að rýna betur hvernig staðan er í innleiðingu og framkvæmd tillagna Fagráðs um læsi, sendi hópurinn spurningakönnun á alla grunn- og leikskóla borgarinnar, hér eftir kölluð *könnun starfshóps*, (fylgiskjal 2). Könnunin var send út í febrúar 2018 og svöruðu allir grunnskólar og 72 leikskólar.

Ýmsir aðilar voru boðaðir á fundi starfshópsins eða voru ráðgefandi við fulltrúa hans og má þar nefna sérfræðinga hjá Skrifstofu sviðstjóra (SKOR), þær Guðrúnu Mjöll Sigurðardóttur og Aðalbjörgu Dísu Guðjónsdóttur. Þær rýndu í niðurstöður úr Læsi-2 sl. 15 ár, skoðuðu niðurstöður Lesferils, samræmdra prófa og unnu úr þeim upplýsingum kafla 2 í skýrslunni.

Ásgeir Björgvinsson og Guðrún Edda Bentsdóttir voru hópnum einnig innan handar við úrvinnslu gagna um Læsi-2. Emilía Rafnsdóttir og Ingibjörg Elísabet Jónsdóttir ráðgjafar Miðju máls og læsis voru ráðgefandi varðandi mál og læsi í leikskólum.

Auður Ævarsdóttir, sérfræðingur SKOR, fór yfir ytra mat á leikskólum og Helgi Viborg tengiliður SFS og VEL kom á fund starfshópsins og fjallaði um stöðu samstarfs og samvinnu milli velferðasviðs og skóla- og frístundasviðs. Sigrún Harpa Magnúsdóttir, sérfræðingur SKOR veitti upplýsingar um ytra mat í grunnskólum.

Guðmundur B. Kristmundsson, fyrrverandi dósent við Menntavísindsvið, kom á fund hjá MML en hann er annar þeirra sem þýddu og staðfærðu Læsi-2. Hann fræddi fulltrúa starfshóps um tilurð og áherslur Læsi-2.

Læsisráðgjafar frá Menntamálastofnun (MMS) funduðu með MML varðandi gátlista fyrir læsisstefnur og læsisáætlanir.

Starfshópurinn leggur fram 10 tillögur en hver þeirra inniheldur frekari útfærslu á vinnu sem efla á faglegt starf með málþroska og læsi. Til að sem bestur árangur náist þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

- Í leik- og grunnskólum starfi fagfólk með þekkingu á vinnu með mál og læsi í daglegu starfi
- Tryggt að mannekla komi ekki í veg fyrir að hægt sé að halda uppi faglegu starfi í leikskólum og frístundastarfi
- Frístundastarf skipulagt með vinnu með mál og læsi í daglegu starfi í huga
- Regluleg fræðsla um málþroska og læsi í boði fyrir ófaglært starfsfólk í skóla- og frístundastarfi
- Vel skipulögð og markviss íslenskukennsla fyrir börn sem hafa íslensku sem annað tungumál í leik- og grunnskólum borgarinnar
- Stuðningur við kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi um vinnu með börnum með málþroskavanda
- Fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar fagfólks í skóla- og frístundastarfi

Samantekt - tillögur

Starfshópur um markvisst verklag við útfærslu tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík leggur fram eftirfarandi tillögur.

Tillögur starfshóps um læsi

1. Stuðla að meðaltalshækkun á lestrarfærni (Læsi-2/Lesmál og PISA annað þrep) nemenda í Reykjavík verði um 1% á ári þar til 90% viðmiði er náð
2. Læssistefnur SFS verði endurskoðaðar á þriggja ára fresti og læsisáætlanir leik- og grunnskóla verði yfirfarnar árlega
3. Samræmd vinnubrögð varðandi mat á stöðu og framförum barna í Reykjavík
4. Í öllum hverfum verði formgert samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs
5. Allir leik- og grunnskólar stofni læsisteymi
6. Efla samstarf VEL og SFS með hag barna að leiðarljósi
7. Starfsfólki verði gefinn kostur á launuðum námsleyfum, bæði til lengri og styttri tíma
8. Koma á markvissum vinnubrögðum samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og stigskiptrar kennslu (e. response to intervention, RTI)
9. Aukinn stuðningur við kennara vegna lestrarkennslu á öllum stigum grunnskólans
10. Unnið verði með niðurstöður skimana með það að markmiði að bæta skólastarf

Ítarlegri útfærslu á hverri tillögu má lesa í köflunum hér á eftir. Hver þeirra inniheldur tillögur um útfærslu og/eða vinnubrögð sem einnig má sjá á blaðsíðu 32. með verkáætlun og ábyrgðaraðilum. Kostnaður vegna þessara tillagna liggur í flestum tilvikum í launakostnaði starfsmanna Reykjavíkurborgar. Það þarf þó að horfa til þess að stjórnun teyma og vinna vegna einstakra verkefna verði greidd sérstaklega.

Skýrslan inniheldur fjóra megin kafla. Í fyrsta kaflanum er farið ítarlega yfir tillögur Fagráðsins frá 2015, fjallað um hvar þau verkefni eru stödd og lagðar fram tillögur um frekari vinnu varðandi hvern þátt. Kafla tvö greinir frá niðurstöðum á mati barna og skoðuð tengsl við lýðfræðilegar breytur. Í þriðja kafla koma fram tillögur að mótun verklags sem stuðla á að auknum framförum í máli og læsi barna. Í lokakaflanum er áætlun með fyrrgreindum tillögum ásamt tímasetningum og ábyrgðaraðilum.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Samantekt - tillögur.....	3
Efnisyfirlit.....	5
1. Útfærsla tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.....	6
1.1 Skýr stefnumörkun og markviss eftirfylgni með árangri í læsi	6
1.1.1 Skýr framtíðarsýn um læsismenntun.....	6
1.1.1.a. Markmið um árangur.....	6
1.1.1.b. Endurskoðun læsisstefnu SFS fyrir leik- og grunnskóla.....	9
1.1.1.c. Áætlanir leik og grunnskóla um eflingu mál og læsis.....	10
1.1.1.d. Samræming hæfniviðmiða í lestri.....	11
1.1.1.e. Samstarfsáætlanir um mál og læsi	12
1.1.1.f. Ytra mat á skóla- og frístundastarfi.....	14
1.1.2. Mat á árangri ráðgjöf og eftirfylgd.....	14
1.1.3. Fagteymi um mál og læsi.....	15
1.2. Öflugur stuðningur, ráðgjöf, símenntun og starfsþróun leik- og grunnskólakennara	15
1.2.1. Miðja máls og læsis	15
1.2.2. Skipulag og verklag tengt skólaþjónustu.....	16
1.2.3. Símenntun	17
1.3. Áhersla á snemmtæka íhlutun.....	18
1.4. Samstarf skólastiga	21
1.5. Markviss lestrarkennsla í öllum árgöngum grunnskólans	21
2. Greining á niðurstöðum mats á stöðu og framförum barna við lýðfræðilegar breytur	23
3. Mótun verklags.....	30
4. Aðgerðabundin og tímasett markmiðaáætlun	32
Lokaorð	40
Heimildir.....	41
Fylgiskjöl.....	43

1. Útfærsla tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík

Fagráð um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings meðal barna og ungmenna í skólum Reykjavíkurborgar var skipað í september 2014. Hlutverk fagráðsins var að móta tillögur um hvernig efla megi lestrarfærni og lesskilning meðal reykvískra grunnskólanemenda. Einnig hvernig efla megi málþroska, hljóðkerfisvitund og læsi barna í leikskólum borgarinnar. Að auki hvernig bæta megi upplýsingagjöf og samstarf um málþroska og læsi á mörkum skólastiganna tveggja. Meginmarkmið fagráðsins var að setja fram tillögur og aðgerðir sem miða að því að bæta málþroska og læsi allra leik- og grunnskólabarna.

Fagráðið setti fram fimm metnaðarfullar tillögur sem birtar voru í lokaskýrslu í febrúar 2015. Tillögur þessar endurspeglu áherslu á markvissa stefnumörkun og eftirfylgd með framförum í læsi, öflugum stuðningi og ráðgjöf við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, snemmtæka íhlutun, samstarf skólastiga og áherslu á markvissa lestrarkennslu.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti ofangreindar tillögur fagráðsins á fundi sínum 3. júní 2015. Í köflunum hér á eftir verður fjallað um þessar fimm tillögur og undirþætti þeirra. Mat lagt á stöðu verkefna og komið með tillögur að áframhaldandi vinnu.

1.1 Skýr stefnumörkun og markviss eftirfylgni með árangri í læsi

Fyrsta tillaga fagráðsins er í þremur þáttum, þ.e. skýr framtíðarsýn, mat á árangri, ráðgjöf og eftirfylgd og fagteymi um mál og læsi.

1.1.1 Skýr framtíðarsýn um læsismenntun


Í framtíðarsýn fagráðsins eru sex undirþættir, þ.e. viðmið um árangur, stefnumótun, áætlanir, samræmd hæfniviðmið, samstarfsáætlanir og ytra mat. Allir þættirnir verða teknir til umfjöllunar í köflunum hér á eftir.

1.1.1.a. Markmið um árangur

Fagráðið lagði til að 90% grunnskólanemenda *næðu lágmarksviðmiðum* í lestrarskimun í öðrum bekk (Læsi-2) innan 5 ára og öðru hæfnisþrepi í PISA 2018 (sbr. markmið sett fram í Hvítbók og skýrslu SSH).

Skimunarprófið Læsi-2 er lagt fyrir í öllum grunnskólum borgarinnar og vinnur Skrifstofa sviðsstjóra (SKOR) úr niðurstöðum og unnin er skýrsla fyrir skóla- og frístundaráð (frekari upplýsingar um úrvinnslu og niðurstöður er að finna í kafla 2). Undanfarin ár hafa umræður í fjölmiðlum um niðurstöður miðast við þann hóp sem nær að lágmarki 65% prófatriða rétt og telst því geta lesið sér til gagns. Þeir sem ná 50-64% teljast vera við það að ná tókum á lestri (Ásgeir Björgvinsson og Guðrún Edda Bentsdóttir, 2017) þ.e.a.s. ná lágmarksviðmiði. Þeir sem eru undir 50% teljast þurfa sérstakan stuðning í lestri. Því er eðlilegt að ætla að tillögur fagráðsins um að 90% grunnskólanemenda ná lágmarksviðmiði í Læsi-2 lestrarskimun í öðrum bekk, eigi við þann hóp sem nær 50% prófatriða og þar yfir í skimuninni.

Vorið 2017 náðu 80% nemenda í öðrum bekk í grunnskólum Reykjavíkur lágmarksviðmiði á skimunarprófinu *Læsi – lestrarskimun*. Eins og sést á mynd 1 hefur árangur nemenda verið svipaður frá árinu 2002. Ekki kom fram marktækur munur milli ára þegar niðurstöðurnar voru skoðaðar.



Mynd 1. Hlutfall nemenda sem nær lágmarksviðmiði (50% atriða í Læsi-2).


Niðurstöður sýna að síðast liðin 15 ár hefur árangur barna í öðrum bekk í lestri verið svipaður. Um 80% nær viðmiðunarárangri, sem eru ekki lakar niðurstöður. Skýrsluhöfundar velta hinsvegar fyrir sér hvað þarf til að þau 20% sem ekki ná viðmiðunarárangi nái framförum. Eins og fram kemur í rannsóknum **A. Rolnick** (2003), hagfræðings skilar það miklum hagnaði að fjárfesta í þroska yngri barna og þá sérstaklega þeirra sem standa höllum fæti. Líklegt er að markviss kennsla barna (gæða kennsla), fræðsla til kennara og foreldra ásamt því að fylgjast með framförum barna séu nokkrir þeirra þátta sem skila árangri.

Fagráðið lagði til að 90% nemenda nái öðru hæfniprepi í **PISA** sem lagt er fyrir nemendur í tíunda bekk 2018.

Hæfniprep í PISA eru skilgreind sex en eru í raun sjö þar sem fyrsta þrep skiptist í a og b. Á öðru hæfniprepi vinnur nemandi verkefni úr texta þar sem hann þarf að draga einfaldar ályktanir. Hann þarf að finna eitt eða fleiri efnisatriði sem þarf að túlka eða uppfylla einhver skilyrði. Verkefni geta einnig falist í því að bera saman hliðstæður, andstæður eða nemandi ber eitt eða fleiri atriði í texta saman við bakgrunnsþekkingu (Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2017).


Í skýrslu um niðurstöður PISA 2015 kom fram að hlutfall nemenda á efstu og neðstu þrepum í lesskilningi var svipað í Reykjavík og í OECD ríkjum. Nemendur í Reykjavík hafa álíka færni í lesskilningi og meðaltal OECD ríkjanna almennt (Helstu niðurstöður PISA 2015, 2016).

Frekari upplýsingar frá Menntamálastofnun (MMS) sýndu að árangur nemenda í lesskilningi í Reykjavík lækkuðu um fimm stig milli áranna 2012 til 2015. Eins og sjá má á mynd 3. eru breytingarnar ekki marktækar (Menntamálastofnun, 2017).



Mynd 2. Breytingar á stigafjölda í PISA

Árið 2015 náðu 77% grunnskólanemenda í Reykjavík öðru hæfniprepi eða ofar.



Mynd 3. Hæfniprep fyrir lesskilning í PISA 2015.

Hér munar 13% til að ná 90% markmiði fagráðsins. Það er svipaður munur á niðurstöðum og markmiðum og hjá nemendum í Læsi-2 (Helstu niðurstöður PISA 2015, 2016). Niðurstöður úr PISA prófinu fyrir árið 2018 liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað, en mikil samfélagsleg áhersla var á jákvæð viðhorf nemenda til töku prófsins. Verði niðurstöður PISA 2018 á sömu lund og árið 2015, þurfa a.m.k 3% nemenda að bætask í hóp þeirra sem ná viðmiðum annars þreps í hverri fyrirloðun þar til 90% markinu er náð. Menntamálastofnun hefur nú þegar hafið áttak í því skyni að

breyta viðhorfum nemenda og kennara til þátttöku í PISA. Vonandi mun það endurspeglast í niðurstöðum 2018. Ljóst er að umfjöllun um PISA þarf áfram að vera á jákvæðum nótum.

Í raun er ástæða til að gleðjast yfir að nemendur í Reykjavík hafa ekki dregist aftur úr meðalárangri nemenda í OECD ríkjum og má segja að kennarar í Reykjavík hafi staðið sig vel. Markmiðið þarf alltaf að vera að ná enn betri árangri.

Starfshópurinn leggur til að stuðlað verði að meðaltalshækkun á lestrarfærni (Læsi-2/Lesmál og PISA annað þrep) nemenda í Reykjavík um 1% á ári þar til 90% markinu er náð. Stórt átak þarf til að markmiðið náist og aðkomu skólasamfélagsins alls. Víða er farin af stað góð og metnaðarfull vinna í þessa átt en til að árangur náist verður að koma á skipulögðum vinnubrögðum í öllum hverfum borgarinnar og með þátttöku allra skóla, frístundastarfs, dagforeldra og foreldra.

Tillaga 1. Stuðla að meðaltalshækkun á lestrarfærni (Læsi-2/Lesmál og PISA annað þrep) nemenda í Reykjavík verði um 1% á ári þangað til 90% viðmiði er náð.

- Fá fram nákvæmari umræður um árangur í lestrarfærni við lok annars bekkjar (Lestraskimanir, Læsi-2/Lesmál). Athyglinni beint að öllum þremur hópunum sem skimanir veita upplýsingar um og hvetja kennara til að útbúa hæfniviðmið sem hæfa hverjum hópi
- Efla þekkingu kennara og starfsfólks á öllum skólastigum og í frístundastarfi á þáttum málþroska og læsis
- Stuðla að beitingu skipulagðra vinnubragða til að efla málþroska og læsi í skóla- og frístundastarfi, response to intervention (RTI)
- Bjóða upp á leiðsögn um markviss vinnubrögð (RTI) í leik- og grunnskólum
- Stuðla að markvissri vinnu með alla þætti málþroska og læsis frá því að barn byrjar í leikskóla til loka grunnskólagöngu
- Bjóða upp á fræðslu til foreldra/forráðamanna um hlutverk þeirra við eflingu málþroska og læsis
- Fjölga kennurum með sérþekkingu til að sinna nemendum með íslensku sem annað mál og lestrarkennslu á yngsta stigi
- Starfstaðir Skóla- og frístundasviðs setji sér virka málstefnu sem byggir á Málstefnu Reykjavíkur
- Bæta við stöðugildum í leikskólum til að starfsfólk geti uppfyllt forvarnarhlutverk sitt vegna málþroska og læsis
- Efla þekkingu kennara allra skólastiga á málþroskaröskunum, afleiðingum þeirra og leiðum til að styðja börn til að ná árangri í námi
- Taka þátt í að bæta viðhorf og umræðu um PISA prófin í samvinnu við skólasamfélagið, MMS og Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Reykjavíkurborg fylgi eftir tillögum starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík og setji sér þau markmið að fá fleiri leikskólakennara til starfa

1.1.1.b. Endurskoðun læsisstefnu SFS fyrir leik- og grunnskóla

Fagráðið lagði til að lestrarstefnur leik- og grunnskóla yrðu endurskoðaðar með hliðsjón af 90% markmiði. Í Hvítbók kemur fram um læsisstefnur: „Allir leik og grunnskólar setji sér læsisstefnu í samræmi við aðalnámskrár og skólastefnu sveitarfélaga“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið,

2014:31). Starfshópurinn lítur svo á að í stóru sveitarfélagi eins og Reykjavík sé betra að kalla stefnur skólanna læsisáætlanir sem byggja á læsisstefnum borgarinnar. Vinna þarf sameiginlega læsisstefnu fyrir skóla- og frístundastarf í Reykjavík í samvinnu fagskrifstofu SFS og skólasamfélagsins. Mikilvægt er að hafa faglegar forsendur að leiðarljósi í þeirri vinnu og aðlagða að starfi borgarinnar.

Margir horfa til læsisstefnu Akureyrar, *Læsi er lykillinn* (<http://lykillinn.akmennt.is/>). Benda má á að hún var unnin í samvinnu skóla á Eyjafjarðarsvæðinu, Miðstöðvar skólaþróunar HA og fræðslusviðs Akureyrarbæjar og tók sú vinna þrjú ár. Gera má ráð fyrir að vinna við gerð sameiginlegar læsisstefnu skóla- og frístundastarfs í Reykjavík taki tíma.

Árið 2013 kom út læsisstefna Reykjavíkur, *Lesið í leik* fyrir leikskóla borgarinnar (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2013). Stefnan uppfyllir kröfur fagráðsins um áherslur í læsi. Stefnan var endurútgefin árið 2017 (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2017). Endurskoðun á læsisstefnu grunnskóla er hafin og er í vinnslu hjá Miðju mál og læsis og grunnskólaskrifstofu SFS.

1.1.1.c. Áætlanir leik og grunnskóla um eflingu mál og læsis

Í fagráðsskýrslunni var bent á nauðsyn þess að allir leik- og grunnskólar gerðu sér áætlun um eflingu máls og læsis. Einn af áherslupáttum MML er að styðja leik- og grunnskóla við að útbúa, innleiða og vinna eftir læsisáætlunum. Gerðir hafa verið gátlistar fyrir leik- og grunnskóla til að auðvelda markmiðssetningu og aðferðir til að meta hversu vel hefur til tekist að innleiða læsisáætlanir (sjá fylgiskjal 3, áhrifalíkan).

Læsisáætlanir þarf að endurskoðaða árlega. Eftirfarandi kemur fram í læsisstefnu leikskóla Reykjavíkur *Lesið í leik*: „Allir leikskólar Reykjavíkur geri áætlun um læsi sem byggir á læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, og aðalnámskrá fyrir leikskóla. Í áætlun leikskóla um læsi verði gerð grein fyrir því hvernig unnið verði að framkvæmd“ (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, 2017:5).

Samkvæmt könnun starfshópsins (fylgiskjal 2) hafa 66% leikskóla uppfært læsisáætlun í samræmi við læsisstefnu borgarinnar *Lesið í leik*. Þá hafa 28% ekki uppfært sína læsisáætlun og 6% segjast ekki vera með læsisáætlun. Í grunnskólunum hafa 76% unnið læsisáætlun í samræmi við tillögur fagráðsins. 24% hafa ekki uppfært læsisáætlun sína.

Tillaga 2. Læsisstefnur SFS verði endurskoðaðar á þriggja ára fresti og læsisáætlanir leik- og grunnskóla verði yfirfarnar árlega.

- Samvinna fagskrifstofu SFS og MML verði um endurskoðun læsisstefna SFS. Verklag um þá vinnu verði tilbúið vor 2019
- Ljúka þarf við læsisstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir árslok 2020
- Læsisstefnur leik- og grunnskóla verði sameinaðar í eina stefnu fyrir 1. ágúst 2022
- Allir leik- og grunnskólar hafi lokið við gerð læsisáætlunar sem byggir á stefnu SFS og skýrslu fagráðsins, vorið 2021
- Útbúa verklag vegna samvinnu fagskrifstofu SFS og MML um innköllun læsisáætlana. Það skal tilbúið fyrir árslok 2019
- Allir leik- og grunnskólar yfirfari læsisáætlanir sínar árlega

1.1.1.d. Samræming hæfniviðmiða í lestri

Fagráðið lagði til að hæfniviðmið í lestri yrðu samræmd. Í skýrslu fagráðsins er lagt til að fylgst sé með framförum og þroska á skipulagaðan hátt. Menntamálastofnun hefur útbúið lestrarpróf fyrir grunnskólann (Lesferill). Þeim fylgja stöðluð viðmið um árangur fyrir hvert skólastig.

Lesferill er heiti á nýju matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. *Lesferli* er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að *Lesferill* spanni tímabilið frá þriggja til sextán ára aldurs. Hafist var handa við að vinna þessi próf í október 2015 og ætlunin er að prófin verði öll tilbúin til notkunar haustið 2020. Ýmist er um stöðupróf eða skimanir að ræða.

Alls eru fimm próf tilbúin til notkunar, þar af eru fjögur sem snúa að umskráningu eða sjálfri lestrartækninni. Hér er um að ræða lesfimipróf, sem má segja að séu grunnprófin. Auk þeirra eru svonefnd hliðarpróf, sem meta þætti sem allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina. Hliðarprófin eru próf í sjónrænum orðaforða, próf í orðleysulestri og nefnuhraðapróf. Þessi próf eru öll stöðupróf þar sem staða nemandans er metin miðað við jafnaldra á landsvísi. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar. Þau eru aðgengileg og til afnota fyrir alla grunnskóla þeim að kostnaðarlausu. Prófin er hægt að nota í heild sinni eða eingöngu hluta þeirra og þá hugsanlega ásamt öðrum prófum sem kennarar kjósa að leggja fyrir (Menntamálastofnun, 2016).

Lesskilningspróf á vegum MMS hafa ekki verið útbúin og hliðarpróf Lesferils hafa ekki fengið endanlega stöðlun. Í febrúar 2018 var gefin út stafakönnun ætluð fyrir börn á fyrstu stigum lestrarnáms. Stafsetningarpróf eiga samkvæmt upplýsingum frá MMS að vera tilbúin haustið 2018. MMS stefnir á að öll próf Lesferils verði tilbúin haustið 2020. Menntamálastofnun mun opna vef þar sem öll skimunarpróf í máli og læsi verða aðgengileg. Þar verður hægt að finna Lesferil og öll hliðarpróf Lesferils auk Lesmáls (lesskimun fyrir annan bekk), Orðarúnar (lesskilningspróf fyrir 3-8. bekk), Orðalykils (orðaforðapróf fyrir 6 til 16 ára) og Hljóm 2 (hljóðkerfis- og málvitundarpróf).

Greinilegt er að mikil þörf var fyrir ný lestrarpróf og notuðu allir grunnskólar Reykjavíkurborgar Lesferil, lesfimi hlutann, veturinn 2017-2018.

Í öllum leikskólum borgarinnar er HLJÓM-2 lagt fyrir, en með því er verið að meta hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskóla. Auk þess leggja 10% leikskólanna, samkvæmt könnun starfshóps, fyrir stafakönnun. Í könnun starfshópsins (fylgiskjal 2) var spurt um skimanir á árgöngum. Í svörum leikskólakennara var óljóst hvort átt væri við einstaklinga eða árganga. Þar kom fram að 49% leikskólanna leggja EFI-2, málþroskaskimun fyrir þriggja til fjöggra ára börn, 20% nota Orðaskil, sem metur orðaforðapróun og setningarmyndun hjá 18-36 mánaða börnum. Fram kom í könnun starfshópsins að TRAS er notað í 54% tilvika til að skrá færni í málþroska. Einnig eru Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn notaðir í 48% leikskóla til að meta þroska barna. Niðurstöðurnar könnunarinnar eru í þá átt sem fagráðið leggur til varðandi hæfniviðmið en lítil hefð er fyrir því að nota stöðluð próf eða skimanir í leikskólum, þó HLJÓM-2 sé fast í sessi.

Í Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytisins kemur fram eftirfarandi „Til þess að skólar, sveitarfélög og stjórnvöld taki ábyrgð á árangri nemenda er lagt til að fylgst sé með framvindu miðað við eigin getu og markmið, samanburði við aðra skóla og sveitarfélög, frammistöðu miðað við það sem best gerist heima og erlendis og síðast en ekki síst ættu skólar, sveitarfélög og

stjórnvöld að gefa því sérstakan gaum hvernig stuðla megi að því að fleiri nemendur nái viðunandi árangri“ (Menntamálaráðuneytið, 2014).

Tillaga 3. Samræmd vinnubrögð varðandi mat á stöðu og framförum barna.

- Lesferill MMS verði notaður í grunnskólum borgarinnar
- Hver grunnskóli útfæri aðgerðaáætlun vegna stöðu barna
- Unnið verði að því að nafnlausar niðurstöður Lesferils verði aðgengilegar ráðgjöfum MML, talmeinafræðingum og kennsluráðgjöfum þjónustumiðstöðva
- Hljóm-2 verði áfram lagt fyrir fimm ára börn í leikskólum borgarinnar
- Hver leikskóli geri sér áætlun um hvernig hann hyggst fylgjast með framförum barna yngri en fimm ára í málþroska og læsi sem hluta af læsisáætlun
- Hver leikskóli útfæri aðgerðaáætlun vegna stöðu barna
- Fjölga ráðgjöfum MML til að eftirfylgd verði markvissari
- Fjölga kennsluráðgjöfum í þjónustumiðstöðvum vegna vinnu með stýrihópum í leik- og grunnskólum við úrvinnslu, áætlanagerð og eftirfylgd vegna skimana
- Óskað verði eftir að MMS ljúki gerð lesskilningsprófa, ásamt því að útbúa fjölbreytt matstæki um málþroska og læsi fyrir leik- og grunnskólastig
- Starfshópurinn leggur til að hætt verði að nota Læsi-2 í grunnskólum borgarinnar
- Starfshópurinn leggur til að grunnskólar borgarinnar noti lesskimunarpróf Menntamálastofnunar

1.1.1.e. Samstarfsáætlanir um mál og læsi

Fimmta undirtillaga fagraðsins um skýra framtíðarsýn, er að leik- og grunnskólar og frístundastarf setji sér samstarfsáætlanir um mál og læsi. Í tillögu fjögur í skýrslu fagraðsins er fjallað um samstarf skólastiga. Hér fyrir neðan verða báðar tilögur teknar fyrir.

Markmiðið með því að skólar í sama hverfi setji sér samstarfsáætlanir um mál og læsi er að búa til heildstæða áætlun um markviss vinnubrögð í eflingu máls og læsis fyrir bæði skólastigin og frístundastarf. Með því að leggja áherslu á samstarf skólastiga næst samfella í námi barna frá því að þau hefja leikskólagöngu þar til að grunnskólagöngu lýkur. Samstarfsáætlanir geta falið í sér að fylgjast með þroska barna og deila upplýsinum á milli skólastiga og til frístundastarfs. Einnig gefa slíkar áætlanir möguleika á að auka samstarf við foreldra um eflingu máls og læsis barna þeirra og auka upplýsingastreymi til foreldra um framfarir barnanna. Þegar samstarfsáætlanir eru unnar kynnast kennarar á mismunandi skólastigum og aukin virðing og skilningur verður á milli starfsmanna skólastiga fyrir störfum hvers annars.

Samstarfsáætlanir þurfa að vera hluti af læsisáætlunum og skólanámskrám skóla.

Samstarfsáætlanir sem þessar eru marglaga. Þær taka til samstarfs á milli leikskóla, milli grunnskóla, milli leikskóla og grunnskóla, milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og á milli stiga í grunnskólum.

Mikilvægt er að þátttakendur í verkefnum í samstarfsáætlunum hafi að leiðarljósi að koma í veg fyrir afturhverft rof, þ.e. endurtekingar eða skörun á viðfangsefnum skólastiganna, eins og niðurstöður rannsókna hafa sýnt að er til staðar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012).

Samstarfsáætlun um mál og læsi felur í sér að skipuleggja námsþætti þar sem markmið eru skýr. Einnig á að koma fram hvenær á að vinna verkefnið og viðmiðanir um árangur eiga að vera settar fram. Ábyrgðaraðilar skilgreindir fyrir hverju verkefni og mikilvægt er að gera ráð fyrir eftirfylgni í formi umbótaáætlunar. Jafnframt fela samstarfsáætlanir um mál og læsi í sér að gert er ráð fyrir vinnu með námsþætti þar sem börn á mismunandi skólastigum fá tækifæri til að taka þátt í sameiginlegri verkefnavinnu. Á þennan hátt er hægt að útbúa sameiginlega áætlun um mál og læsi í hverfum eða milli mismunandi leik-, grunnskóla og frístundastarfs. Þessar samstarfsáætlanir eiga að koma fram í læsis- og lestraáætlunum og skólanámskrám leik- og grunnskóla.

Því eins og segir í 16. gr. laga um leikskóla (nr. 90/2008) og 6. gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008) skal sveitarstjórn koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.

Í könnun meðal sveitarstjóra frá 2014 segjast flest sveitarfélög, eða 60 af 64 svarenda, stuðla að samstarfi milli leik- og grunnskóla. Dæmi um slíkt samstarf er t.d.

- a) að fimm ára nemendur hafa verið í fimm ára deildum grunnskóla eða komið í grunnskólann jafnt og þétt yfir skólaárið.
- b) að fundað er um þá nemendur sem leikskólinn metur nauðsynlegt auk þess sem upplýsingum frá grunnskóla er miðlað til leikskóla.
- c) að í skólanum er teymi kennara sem kennir fimm ára börnum leikskóla og sex ára börnum grunnskóla. Verkefni þessa hóps er að brúa bilið milli skólastiga, vinna að samfellu í námi barnanna og gegn rofi.
- d) samstarfsverkefni sem miða að samvinnu um eflingu læsis og stærðfræði.
- e) að kennarar elstu árganga leikskóla og 1. bekkjar eru með sameiginlegan undirbúningstíma og samræmt skóladagatal.

(Skýrsla Mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í leikskólum skólaárin 2011-2015)

Í þessum dæmum koma fram ýmsar hugmyndir um hvað samstarf felur í sér en mikilvægt er að allir aðilar skólasamfélagsins komi að skipulagningu slíkrar vinnu og eigi hlutdeild að henni. Þess vegna þarf að formfesta samstarf skóla og skólastiga með ákveðnu verklagi. Reynslan hefur sýnt að oft er auðvelt að skipuleggja en erfiðara er að viðhalda vinnulagi. Þess vegna skiptir máli að skipa læsisteymi og ábyrgðarmenn í hverjum skóla. Æskilegt er að í hverju hverfi sé stofnaður stýrihópur og í honum sitji fulltrúar læsisteyma allra skóla. Hlutverk þessa stýrihóps er að skipuleggja samræmd vinnubrögð. Í stýrihópnum ættu einnig að vera aðilar frá þjónustumiðstöðvum s.s. kennsluráðgjafar og aðrir sérfræðingar. Stýrihópurinn þarf að skipa stjórnanda eða verkstjóra til að halda verkefninu gangandi. Hugsa þarf verkefnið til margra ára, en ekki sem átak.

Æskilegt er að stýrihópur verkefna í hverfum fái reglulega fræðslu og stuðning um leiðir til að ná árangri og viðhalda verkefnum sem þessum. Svigrúm verður að gefa fyrir reglulega fundi með það að leiðarljósi að útbúa samstarfsáætlun hverfisins um málproska og læsi

Aukið samstarf milli skóla og skólastiga er einn af áherslupáttum MML (sjá fylgiskjal 3, áhrifalíkan). Útbúinn hefur verið gátlisti fyrir samstarfsverkefni hverfa sem leik- og grunnskólar og frístundastarf geta stuðst við til að koma á samvinnu. Markmið gátlistanna er að bæta verklag um samstarf milli leik- og grunnskóla og frístundastarfs. Í gátlistanum eru hugmyndir um samstarf kennara en einnig er lagt til hvernig best verði staðið að því að miðla upplýsingum um proska og framfarir barna á skipulagðan og markvissan hátt milli skólastiga. Þessir gátlistar verða hluti af verklagi sem stuðlar að framförum í lestri sem er ein af tillögum starfshópsins, í læsisstefnu SFS og á heimasíðu MML.

Samstarfsverkefnum í hverfum borgarinnar hefur fjölgað frá því að tillögur fagráðsins voru samþykktar. Kominn er vísir að þeim í flestum hverfum en sú vinna er komin mislangt á veg. Sumstaðar er um að ræða samvinnu í heilu hverfi en víða er komið á samstarf í einum grunnskóla og nágrannaleikskólum og frístundastarfinu.

Í könnun starfshópsins (fylgiskjal 2) kom fram vilji til samstarfs í bæði leik- og grunnskólum.

Tillaga 4. Í öllum hverfum verði formgert samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.

- MML geri úttekt á stöðu samstarfs í hverfum borgarinnar, dragi saman niðurstöður og ljúki því fyrir 1. júlí 2019
- Verklag um samstarf skóla og frístundastarfs verði endurskoðað og lokið í sept. 2019
- Vorið 2019 mun MML funda með samráðshópum stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í hverfum borgarinnar um framgang samstarfsverkefna
- MML bjóði upp á námskeið fyrir stýrihópa um samstarfsverkefni
- Lagt er til að samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs sé á ábyrgð tiltekinna aðila innan starfsstöðva, t.d. aðstoðarskólalastjóra og forstöðumanna frístundastarfs.

1.1.1.f. Ytra mat á skóla- og frístundastarfi

Í sjötta lagi var lagt til, af Fagráðinu, að áætlanir um eflingu máls og læsis yrðu hluti af ytra mati í skóla- og frístundastarfi. Fagráðið lagði til að í ytra mati á leikskóla verði skoðað hvort unnin sé umbótaáætlun um eflingu máls og læsis samkvæmt tillögum fagráðsins. Í ytra mat á leikskólum er ekki að finna sérstaka áætlun um það en mál og læsi er skoðað og þurfa leikskólar að skila umbótaáætlun varðandi þann þátt eins og aðra þætti sex vikum eftir að ytra mati lýkur. Skipulögð eftirfylgd er að hálfu leikskólaskrifstofu SFS. Lokamat fer fram ári eftir úttekt. Lagt verður til við matsaðila á leikskólaskrifstofu að þeir skoði einnig í ytra mati hvort áætlun um eflingu máls og læsis hafi verið útbúin í leikskólum. MML mun fylgja því eftir við leikskólaskrifstofu.

Í grunnskólum er það að aftur á móti orðinn hluti af ytra mati að skoða hvort áætlanir um eflingu máls og læsis hafi verið útbúin í skólum og hefur matsaðili gátlista MML um læsisáætlanir sér til hliðsjónar. Umfjöllun um verklag varðandi þann þátt í ytra mati grunnskóla verður í læsisstefnu grunnskóla sem er í vinnslu. Grunnskólar fá sex vikur til að skila umbótaáætlun varðandi þá þætti sem þarf að bæta og hefur grunnskólaskrifstofa SFS eftirlit með því og fylgir eftir.

1.1.2. Mat á árangri ráðgjöf og eftirfylgd

Tilkoma Lesferils Menntamálastofnunar gerir það að verkum að kennarar eiga auðveldara með að meta árangur nemenda sinna í lesfimi. Grunnskólar geta gert áætlanir um þjónustu við nemendur út frá niðurstöðum. Skóla- og frístundasvið hefur ekki aðgang að niðurstöðum Lesferils, skv. lögum Persónuverndar en getur óskað eftir hrágögnum frá hverjum skóla fyrir sig. Um þessar mundir standa yfir samræður á milli MMS og skrifstofu SFS um auðveldari aðgang að gögnunum.

Mikilvægt er að fá aðgang að gögnum til að nýta til umbóta og eftirfylgni. Nú þegar er takmörkuðum gögnum safnað í hverfum og á skrifstofu SFS. Fastmótað verklag er komið á í Breiðholti að fyrirmynd annarra sveitarfélaga. Eitt af markmiðum MML er að styðja skólalastofnanir í öðrum hverfum til að móta sér svipað verklag (Fylgiskjal 3, áhrifalíkan). Mikilvægt er að kennsluráðgjafar fái aðgang að ópersónugreinanlegum niðurstöðum gagna til að þeir geti stutt við skóla í sínum hverfum.

1.1.3. Fagteymi um mál og læsi

Í könnun starfshópsins (fylgiskjal 2) var spurt um starfsemi læsisteyma í skólastarfi (fagteymi um mál og læsi). Í svörum kom fram að í 90% grunnskóla er starfandi læsisteymi, en í 67% leikskóla. 76% svarenda í grunnskólum og 85% í leikskólum telja að mikilvægasta hlutverk læsisteyma sé að styðja við kennara og starfsfólk varðandi málþroska og læsi. 70 % grunnskóla og 74% leikskóla telja það næst mikilvægasta hlutverk læsisteyma að uppfæra áætlanir.

Eitt af markmiðum MML er að styðja við læsisteymi í skóla og frístundastarfi (fylgiskjal 3, áhrifalíkan). Útbúinn hefur verið gátlisti um uppbyggingu og hlutverk læsisteyma.

Tillaga 5. Allir leik- og grunnskólar stofni læsisteymi.

- Í upphafi skólaárs 2019- 2020 verði starfandi læsisteymi í öllum leik- og grunnskólum borgarinnar
- MML fylgi eftir tillögu fagráðsins um stofnun læsisteyma og veiti ráðgjöf og eftirfylgd við þau
- MML bjóði upp á námskeið um hlutverk og ábyrgð læsisteyma
- Í hverjum skóla sé tengiliður við MML vegna vinnu með málþroska og læsi

1.2. Öflugur stuðningur, ráðgjöf, símenntun og starfsþróun leik- og grunnskólakennara

Sérfræðingar í símenntun eða starfsþróun hafa sýnt fram á í rannsóknnum sínum að skólar sem sýna árangur búi yfir öflugri starfsþróun kennara (Sergiovanni, 2009). Í þeim skólum starfa kennarahópar sem búa yfir samkennd, hafa sameiginleg markmið, tíma til að skipuleggja, ræða saman um starfið og læra hver af öðrum. Rannsóknir sýna einnig mikla fylgni starfsþróunar við námsárangur barna (Hattie, 2016) og er því nauðsynlegt að þeim þætti sé vel sinnt.

Ótal leiðir má fara í starfsþróun en það hefur ítrekað komið fram hjá fræðimönnum að vel skipulögð ráðgjöf með markvissri eftirfylgd er sú leið sem gefur besta raun. Eftirfylgni sem veitir endurgjöf þarf að vera nákvæm og á réttum tíma. Oft er það endurgjöf sem vantar til að starfsþróun skili árangri og því þarf að huga vel að henni (Reeves, 2009).

1.2.1. Miðja máls og læsis

Fagráðið lagði til að stofnuð yrði miðstöð mál- og læsis, ráðgjafateymi sem sinni faglegri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi borgarinnar um vinnu með mál og læsi. Markmið og áherslur sem koma fram í skýrslu fagráðs eiga að móta störf ráðgjafa þeirrar miðstöðvar. Þar segir um hlutverk hennar. Miðstöð máls og læsis á að (bls 8-9):

- a. styðja leikskólakennara og starfsfólk leikskóla við að byggja upp ríkulegt mál- og læsisumhverfi í öllum leikskólum borgarinnar.
- b. veita grunnskólakennurum stuðning við að setja upp kennsluáætlanir og beita kennsluháttum sem reynast best við lestrarkennslu í blönduðum nemendahópi.
- c. standa fyrir námskeiðum og fræðslufundum fyrir starfsfólk og kennara beggja skólastiga um gagnreyndar og gagnlegar aðferðir í vinnu með mál og læsi.
- d. halda úti heimasíðu (gagnagrunni) með fræðsluefni, kennslumyndböndum og leiðbeiningum um vinnu með mál og læsi.

e. auka færni kennara beggja skólastiga við að efla mál og læsi allra barna með sérstaka áherslu á börn sem ljóst er að þurfa stuðning, án þess að fyrir liggi greining á málþroskavanda s.s. eins og börn með annað móðurmál en íslensku og börn sem búa við rýrt málumhverfi heima fyrir eða njóta ekki stuðnings foreldra sinna í námi.

f. auka þekkingu og færni kennara beggja skólastiga til að vinna með foreldrum að því að efla mál og læsi á íslensku og fjölbreyttum móðurmálum.

g. veita þjálfun nýrra vinnubragða um mál og læsi.

h. skapa vettvang fyrir tengslanet kennara sem hittist reglulega til að miðla og afla nýrrar þekkingar.

Miðja máls og læsis (MML) hóf störf í byrjun ágúst 2016 og starfar undir skrifstofu SFS. Til hennar voru ráðnir þrír mál- og læsisráðgjafar auk verkefnastjóra af skrifstofu SFS. Eitt af fyrstu verkefnum ráðgjafanna var að meta þörf starfstöðvanna fyrir þjónustu um málþroska og læsi. Sendar voru út kannanir til stjórnenda í skóla- og frístundastarfi þar sem markmið og þjónusta MML voru kynnt. Spurt var um hverskonar þjónusta myndi nýtast viðkomandi starfsstöð best, hvaða þætti þyrfti að styðja og fyrir hverja þeir óskuðu helst eftir stuðningi. Í ljós kom að flestir stjórnendur í skóla og frístundastarfi óskuðu eftir fræðslu og ráðgjöf vegna barna með íslensku sem annað tungumál, barna með tal- og málþroskavanda og fræðslu fyrir foreldra/forráðamenn. Jafnframt var spurt um í hvaða formi stjórnendur óskuðu eftir samstarfi við MML. Kom þá í ljós að flestir óskuðu eftir fræðslu, námskeiðum, ráðgjöf og eftirfylgd.

Ráðgjafar MML hafa sett verkefni sem byggja á skýrslu fagráðsins og starfsáætlun SFS upp í áhrifalíkan (fylgiskjal 2) sem endurskoðað er reglulega. Verkefni MML hafa verið mjög fjölbreytt frá byrjun og hefur beiðnum fjölgað jafnt og þétt. Á fyrsta starfsári voru nánast allir leik- og grunnskólar borgarinnar heimsóttir ásamt öllum frístundamiðstöðvum og starfssemin kynnt. Ráðgjafar MML hafa haldið fjölmörg námskeið, fræðsluerindi og veitt ráðgjöf. Heimasíða MML hefur verið opnuð og halda ráðgjafar MML einnig úti síðu á Fésbók og Pinterest. Eru þessar síður virkar og stór hópur fólks fylgist með þeim.

1.2.2. Skipulag og verlagengt skólaþjónustu

Fagráðið lagði til tvær tillögur vegna endurskoðunar á sérfræðiþjónustu skóla.

Annars vegar varðandi hlutverk kennsluráðgjafa og sérkennsluráðgjafa og staðsetningu þeirra undir skrifstofu SFS. Var þar rætt um að hlutverk kennsluráðgjafa og sérkennsluráðgjafa á þjónustumiðstöðum yrði endurskoðað með það að markmiði að auka möguleika skóla á að nýta stuðning þeirra og ráðgjöf í tengslum við skimanir, úrvinnslu þeirra og eftirfylgd. Í dag er misvægi milli þjónustumiðstöðva á fjölda stöðugilda kennsluráðgjafa og sérkennsluráðgjafa og hvernig verkefni þeirra eru skilgreind. Til þess að þeir geti uppfyllt hlutverk sitt um að fylgjast með stöðu og framförum barna og veita ráðgjöf telur starfshópurinn að þörf sé á að endurskilgreina verkefni þeirra á þjónustumiðstöðvum.

Hins vegar að skilgreint verði með beinum hætti að sérfræðiþjónusta skóla tilheyri Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur en ekki Velferðasviði þannig að kennsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum heyri undir aðalskrifstofu SFS og starfi samkvæmt stefnu sviðsins. Í viðtali við Helga Viborg sem starfar sem tengiliður milli Velferðarsviðs og skrifstofu SFS kom fram að engin hreyfing er á að skólaþjónusta færist frá Velferðasviði til SFS. Að hluta til kemur það í veg fyrir að hægt sé að vinna að tillögum fagráðsins.

Í ljósi umræðna um eflingu samstarfs um skólaþjónustu VEL og SFS og að lítið hefur þokast í þeim málum frá því að fagráðsskýrslan kom út telur starfshópurinn mikilvægt að Skóla- og frístundaráð ásamt Velferðaráði móti sameiginlega stefnu um fyrirkomulag þjónustunnar.

Ef ekki verður horft til tillagna Fagráðs um endurskoðun á skólaþjónustu, hvað varðar hlutverk kennsluráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðinga og staðsetningu þeirra undir skrifstofu SFS leggur starfshópurinn fram tillögur til umfjöllunnar hjá Skóla- og frístundaráði.

Tillaga 6. Efla samstarf VEL og SFS með hag barna að leiðarljósi.

- Gera VEL og SFS kleift að deila verkefnum og samnýta starfsfólk.
- Skilgreina þörf fyrir kennsluráðgjafa og talmeinafræðinga á þjónustumiðstöðvum og skoða starfshlutföll og skiptingu verkefna milli hverfa

1.2.3. Símenntun

Í rannsóknum sem gerðar hafa verið á skólastarfi sést að starfsþróun kennara er mikilvægur liður í starfi þeirra skóla sem hafa náð góðum árangri (Sergiovanni, 2009; Fisher, Frey og Hattie, 2016). Þess vegna er mikilvægt að kennarar og starfsfólk geti sótt sér menntun í tengslum við starf sitt og fái til þess stuðning vinnuveitanda. Það er því ekki spurningin um hvort heldur hvernig starfsþróun þurfi að vera í boði. Framboð námskeiða og fræðslu þarf að vera fjölbreytt svo kennarar og starfsfólk geti valið sér leiðir, annaðhvort styttri námskeið eða lengra formlegt nám.

Í skýrslu fagráðs er lagt til að leik- og grunnskólakennarar geti sótt símenntun á sviði máls og læsis, hvort heldur sem er með hagnýtum námskeiðum eða háskólanámi sem metið er til eininga. Einnig er tekið fram að búa þurfi til innbyggðan hvata fyrir kennara að auka þekkingu sína t.d. í formi launaðra námsleyfa.

Megináhersla MML frá upphafi hefur verið að bjóða upp á fræðslu og hagnýt námskeið á sviði máls og læsi fyrir kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Hluti þeirrar fræðslu er unnin af ráðgjöfum MML en einnig hefur verið boðið upp á námskeið í samstarfi við háskóla landsins eða aðra sérfræðinga.

MML styður hugmyndir starfshópa um aukin tækifæri til starfsþróunar t.d. með fjölgun námsleyfa. Nýlega hafa verið gefnar út tvær skýrslur þar sem fram koma áherslur á að auka tækifæri til framhaldsmenntunar.

Í tillögum um aðgerðir sem *Starfshópur um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík* skilaði í febrúar 2018 má einnig sjá svipaða umræðu. Þar segir:

Aukin tækifæri til starfsþróunar: Lagt er til að svigrúm til náms verði aukið á 5. ári í námi til leikskólakennara. Auk þess þarf að tryggja tækifæri starfandi leikskólakennara til starfsþróunar, t.d. með fjölgun námsleyfa.

Þetta er ítrekað í skýrslu *Starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara* frá haustinu 2017 en þar segir:

Fjölgun námsleyfa: Fjölgað verði tækifærum til styttri námsleyfa með áherslu á að kennarar geti sótt sér framhaldsmenntun meðfram starfi.

Í drögum að menntastefnu sem Reykavíkurborg lagði fram í byrjun júní 2018 kemur fram að stutt verði við faglegt frumkvæði starfsfólks sem búi við góðar starfsaðstæður og fái hvatningu og tækifæri til starfsþróunar og víðtæks samstarfs í leikskólum, grunnskólum og

frístundamiðstöðvum. Veita starfsfólki skóla- og frístundasviðs rík tækifæri til starfsþróunar og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi (Reykjavíkurborg, 2018).

Eins og sjá má í ofangreindum úttektum er ítrekað kallað eftir stuðningi vinnuveitanda við menntun kennara og styður starfshópur um læsi þessa umræðu. Jafnframt er bent á að til staðar þurfi að vera fjölbreyttar leiðir í starfsþróun t.d. með áherslu á málþroska og læsi fyrir annað starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Tillaga 7. Starfsfólki verði gefinn kostur á launuðum námsleyfum, bæði til lengri og styttri tíma.

- Reykjavíkurborg ásamt stéttarfélögum vinni að því að leik- og grunnskólakennarar geti sótt sér nám og fræðslu á háskólastigi í tengslum við starf sitt um málþroska og læsi og fái til þess launuð leyfi
- Reykjavíkurborg ásamt stéttarfélögum vinni að því að annað starfsfólk í skóla- og frístundastarfi geti sótt sér nám og fræðslu í tengslum við starf sitt um málþroska og læsi og fái til þess launað leyfi

1.3. Áhersla á snemmtæka íhlutun

Í þriðju tillögu fagráðsins var lögð áhersla á snemmtæka íhlutun. Í fræðslu og ráðgjöf til starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur MML lagt áherslu á snemmtæka íhlutun (e. *early intervention*) og ræðir þá m.a. um eftirfarandi þætti. Í fyrsta lagi mikilvægi þess að bera kennsl á og styðja sérstaklega við þau börn sem þurfa á stuðningi að halda á sviði tals, máls, samskipta og læsis með það að markmiði að efla færni þeirra. Hvatt er til að *bíða ekki* eftir greiningu sérfræðinga, þó hún sé mikilvæg, heldur að deildarstjórar og aðrir starfsmenn leikskólanna nýti þekkingu sína til að hefja íhlutun í þágu barna sem þurfa. Eftir því sem frekari upplýsinga er aflað, er málum vísað til teyma sérfræðinga til frekari úrvinnslu. Í öðru lagi er lögð áhersla á að upplýsa foreldra um stöðu barna þeirra, að veita þeim fræðslu um tjáningu og tal, málþroska og samskipti og þróun þessara þátta. Einnig er bent á leiðir sem foreldrar geta nýtt til að styðja við málþroska barna sinna. Í þriðja lagi er fjallað um mikilvægi þess að uppfræða starfsmenn leikskólans um þróun málþroska, afleiðingar málþroskaraskana og stöðu þeirra barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Að lokum er fjallað um mikilvægi teymisvinnu til að ná árangri við að efla málþroska barna.

Í ráðgjöf MML til leikskóla um eflingu faglegs starfs á sviði málþroska og læsis hefur verið gengið út frá að nýta sér hugmyndafræði stigskiptrar kennslu (e. *response to intervention, RTI*) með því að ýta undir þá hugsun að fylgjast með þroska barna í málþroska og læsi bæði í leik- og grunnskólum og veita hópum barna og einstaklingum íhlutun í samræmi við niðurstöður. Hugmyndafræði stigskiptrar kennslu (*RTI*) felur í sér að fylgst sé með þroska og framförum barna á skipulegan hátt. Í kjölfar mats (skimun) á stöðu barna er þeim boðið upp á mismunandi þjónustu eftir niðurstöðum hvers og eins.

Til að efla faglegt starf á sviði málþroska og læsis í leikskólum hefur verið boðið upp á fræðslu, handleiðslu og eftirfylgd. Starfsmenn MML hafa lagt sérstaka áhersla á vinnu með grunnþætti málþroska og læsis eftir fjölbreyttum leiðum í gegnum leik og skipulagt starf. Megin áherslan

hefur verið á að efla starfsfólk við að nota málörvun í daglegu starfi, raunprófaðar málörvunaraðferðir og mikilvægi þess að lesa fyrir börn og tala við þau. Einnig hefur verið lögð áhersla á stuðning við börn sem hafa sérstakar þarfir á sviða tals, máls og samskipta þar með talið börn sem læra íslensku sem annað mál og íslensk börn sem þurfa stuðning við að ná tökum á málinu.

MML hefur, eins og fram hefur komið, verið að vinna gátlista í samvinnu við nokkra leikskóla um uppbyggingu læsisáætlana leikskóla. Þar er einnig að finna tillögur um eftirfylgd árgangaskimana og skráningu niðurstaðna. Markmið með þessum gátlista er að skólar geti skipulagt vinnu á ákveðnum sviðum málþroska og læsis í daglegu starfi og fylgst með árangri. Stefnt er að því að kynna þennan gátlista fyrir öllum leikskólastjórum og starfsmönnum leikskóla á haustmánuðum 2019.

Leik- og grunnskólakennarar hafa verið hvattir til að nota markvisst verklag í tengslum við að fylgjast með framförum barna í málþroska og læsi.

Leikskólar

Skimunartækið Hljóm-2 er notað á öllum leikskólum í Reykjavík til að meta stöðu fimm ára barna í hljóðkerfis- og málmeðvitund. Byrjað er að safna upplýsingum frá leikskólum um niðurstöður á Hljóm- 2, en fyrirkomulag um markvissa miðlun upplýsinga til kennsluráðgjafa og sérkennsluráðgjafa er í mótn.

Mjög víða á leikskólum sjást bókstafir og algengt er að unnið sé með heiti og hljóð stafanna, hinsvegar er fátítt að könnun á stafabekkingu sé lögð fyrir samhliða Hljóm-2. MML mun bæta umræðu um þennan þátt við fræðslu um að fylgjast með þroska barna.

Markvisst verklag um miðlun upplýsinga frá heilsugæslu vegna málþroskaskimunar tveggja og hálfis árs barna til leikskóla hefur verið til margra ára í Árbæ. Þar er niðurstöðum skilað fyrir öll börn, óháð útkomu. Það vinnulag er til fyrirmyndar. MML leggur til að þessu verklagi um samstarf verði komið á víðar. Einnig að leikskólastarfsmenn skrái upplýsingar frá heilsugæslunum sem hluta af því ferli að fylgjast með þroska barna. Í tilraunaverkefni nokkurra leikskóla með gátlistann um læsisáætlanir hefur verið gert ráð fyrir að upplýsingar úr öllum skimunum séu skráðar og þær upplýsingar fylgi með börnum þegar þau færast milli skólastiga.

Eins og fram hefur komið er fylgst með stöðu barna í hljóðkerfisvitund í öllum leikskólum í Reykjavík. Sjaldgæfara er að fylgst sé með skipulegum hætti með málþroska yngri barna á leikskólum. Þegar ytra mat er gert á leikskólum er m.a. spurt um mat á námi og velferð barna. Í samantekt á ytra mati 27 leikskóla sem gert var vorið 2017 kom fram að enn er töluvert rými til umbóta hjá flestum leikskólum (Auður Ævarsdóttir, 2017). Skv. könnun starfshópsins sögðust 49% svarenda leggja skimunartækið EFI -2 fyrir árganga þriggja ára barna. EFI-2 kannar stöðu í málskilningi og máltjáningu barna á þriðja ári. Nokkrir sögðust nota Orðaskil og TRAS sem skimunartæki fyrir árganga. Skv. upplýsingum leikskólakennara sem fylgjast með þroska barna á þennan hátt, er það ekki íþyngjandi og algengt er að með fyrirlagningu tækjanna finnist börn sem eru í áhættu að dragast aftur úr jafnöldrum í málþroska og læsi. Þá er hægt að bregðast strax við með íhlutun og fylgjast með framförum barnsins (Anna Þórðardóttir, munnleg heimild, 9.1.2018).

Mikilvægt er að starfsmenn leikskóla hafi aðgang að raunprófuðu námsefni fyrir börn á leikskólaaldri sem leggur áherslu á eflingu allra þátta málþroska og læsis (orðaforða, málfræði, setningamyndun, málnotkun, hljóðkerfisvitund, hljóðavitund, bókstafaþekkingu, málskilning, máltjáningu og viðhorf til lestrar og læsis). Vöntun er á gæðaeefni sem hægt er að nota með leikefni sem fyrir er í leikskólum borgarinnar. Menntamálastofnun vinnur út frá því sjónarmiði að hún hafi skyldur við skólaskyld börn og að leikskólastigið sé ekki skólaskyld. Hins vegar má benda á að

98% reykvískra barna eru í leikskólum. Það er mikilvægt að starfsfólk hafi aðgang að efni sem það getur nýtt sér til að efla þennan þátt þroskans. Skóla- og frístundaráð ætti að taka umræðu um hvernig hægt er að koma til móts við og efla útgáfu námsgagna fyrir þennan aldur.

Grunnskólar

Skimunarprófið Leið til læsis, sem nú heitir *Lesferill- Lesskimun fyrir 1. bekk*, er notað í grunnskólum borgarinnar til að skima fyrir seinkuðum málþroska og hljóðkerfisvitund.

MML hefur í samstarfi við fagskrifstofu SFS, lagt áherslu á að veita grunnskólum ráðgjöf og stuðning vegna barna sem eru með sérstakar þarfir á sviði tals, máls og samskipta. Þar með talið barna sem hafa íslensku sem annað mál og barna sem þurfa stuðning við máltöku.

MML býður upp á fræðslu fyrir kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla um hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og stigskiptrar kennslu (e. *response to intervention, RTI*). Brúarsmiðir á vegum MML eru með fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Áhersla er lögð á að upplýsingar um úrræði sem börnum bjóðast í skóla- og frístundastarfi séu hluti af öllu skipulagi kennslu og vinnu með mál og læsi og aðgengilegt í læsisáætlunum skóla.

Virkt samstarf við foreldra

MML hefur lagt áherslu á virkt samstarf við foreldra með fræðsluerindum og umræðu við leik- og grunnskólastarfsfólk um mikilvægi þess. MML hefur einnig haldið fræðsluerindi um málþroska og læsi fyrir foreldra að ósk skóla. Á heimasíðu MML, <http://mml.reykjavik.is/fraedsluefni/fraedsluefni-fyrir-foreldra/> má finna upplýsingar og fræðslu fyrir foreldra um málþroska og læsi.

Í niðurstöðum úr könnun starfshópsins (fylgiskjal 2) kemur fram að vandað er til móttöku barna í upphafi leikskólagöngu. Starfsfólk margra leikskóla fræðir foreldra um málþroska og læsi í samtali og með því að nota tölvupósta, fræðslufundi og fréttabréf.

Tillaga 8. Koma á markvissum vinnubrögðum samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og stigskiptrar kennslu (e. *response to intervention, RTI*).

- Að unnið sé á markvissan hátt með málþroska og læsi út frá þörfum barna
- Aukin áhersla verði á stuðning fyrir börn sem þurfa á honum að halda innan leik-, grunnskóla og frístundastarfs
- Gátlistar um læsisáætlanir í leikskólum kynntir fyrir öllum leikskólastjórum og starfsmönnum leikskóla á haustmánuðum 2019
- Söfnun upplýsinga frá leikskólum á niðurstöðum á málþroskaprófinu Hljóm – 2 verður frá og með hausti 2018
- MML bjóði upp á námskeið um markviss vinnubrögð til að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi
- Komið verði á verklagi hjá leikskólum um skráningu á niðurstöðum heilsugæslunnar
- Áframhaldandi samræður við heilsugæsluna um skil á niðurstöðum til leikskóla
- MML býður grunnskólum upp á fræðslu um málþroska og málþroskavanda grunnskólabarna, lestrarörðuleika, lestrarkennsluaðferðir sem skila árangri og kennsluaðferðir sem henta börnum með íslensku sem annað tungumál
- Stuðlað verði að útgáfu fjölbreyttra námsgagna fyrir börn á leikskólastigi sem tekur á öllum mál- og læsisþáttum

- Hvatt verði til að auka fjölbreytni í útgáfu námsefnis á öllum skólastigum fyrir börn með sérstakar þarfir á sviði tals, máls, samskipta og læsis

1.4. Samstarf skólastiga

Fjórða tillaga Fagráðsins fjallar um samstarf skóla og skólastiga. Um hana er fjallað í kafla 1.1.1.e. Samstarfsáætlanir um mál og læsi

1.5. Markviss lestrarkennsla í öllum árgöngum grunnskólans

Fimmta og síðasta tillaga fagráðsins fjallaði um að efla lestrarkennslu í öllum árgöngum grunnskólans. Tillagan er í átta liðum og leggur m.a. áherslu á lestrarkennslu í öllum árgöngum, markmiðssetningu skóla, að fylgjast með framförum og áætlunargerð fyrir nemendur sem ekki ná viðmiðum, fræðslu til kennara og gerð gagnagrunns um lestrarkennsluaðferðir, eflingu stuðnings og aukna ábyrgð skólastjórnenda á framkvæmd læsismenntunnar og árangur hennar.

Eins og fram hefur komið er verið að endurskoða læsisstefnu Reykjavíkurborgar fyrir grunnskóla (áður, Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkur). Sú vinna mun verða leidd af starfsmönnum MML og skrifstofu SFS í samstarfi við skólasamfélagið.

Mikilvægt er að hver skóli búi til læsisáætlun, þar sem nánar er tilgreint um vinnubrögð og helstu áherslur. Þar þarf að koma fram með hvaða hætti fylgst er með framförum nemenda, hver ber ábyrgð á þeim þætti og hvernig brugðist er við í kjölfar niðurstaðna skimana. Gera þarf viðbragðsáætlanir þar sem fram kemur hvernig stuðningi við nemendur skuli háttað. Jafnframt þarf að skilgreina ábyrgðaraðila. MML mælir með að hugmyndafræði stigskiptrar kennslu (RTI) sé nýtt, þar sem einstaklingar fá stuðning eftir þörfum. Einn af áherslupunktum fagráðsins var að markviss lestrarkennsla yrði alla skólagönguna og hafa starfsmenn MML í heimsóknum sínum í grunnskóla Reykjavíkur lagt áherslu á mikilvægi þess að lestrarþjálfun haldi áfram eftir 4. bekk til 10. bekkjar. Markmiðið með áframhaldandi áherslu og skipulagi í skólastarfi er að auka áhuga og færni í lestri. Mikilvægt er að skólastjórnendur fylgi eftir læsisáætlunum með því að skilgreina ábyrgðaraðila fyrir mismunandi þætti og styðji við framkvæmd hennar.

Út frá tillögum fagráðsins mun MML, í samstarfi við reynslumikla kennara sem sinna lestrarkennslu á yngsta stigi og háskólasamfélagið, annars vegar stefna að upplýsingaöflun um raunprófaðar lestrarkennsluaðferðir sem birtar verða í gagnagrunni og hinsvegar skipuleggja fræðslu. Í gagnagrunninum verða upplýsingar um aðferðir sem taldar eru skila árangri, kennsluáætlanir og verkefni. Bent verður á gagnlegar heimasíður. s.s. Lesvefinn og fleiri síður, íslenskar og erlendar. Í samstarfi um fræðslu verður þátttakendum gefinn kostur á að kynnast og ræða námsefni, kennsluáætlanir og verkefni s.s. umskráningarvinnu, orðaforða, lesskilning, málskilning, lesfimi og stefnur og leiðir í árangursríkri lestrarkennslu.

Í könnun starfshóps (fylgiskjal 2) til grunnskóla var spurt um hvaða lestrarkennsluaðferðir eru notaðar í tilteknum skóla. Niðurstöður sýndu að langalgengustu aðferðirnar sem notaðar eru meðal kennara í Reykjavík, eru hljóðaðferð og Byrjendalæsi. Niðurstöður gefa samt ekki skýra mynd af notkun lestrarkennsluaðferða því flestir nota blandaðar aðferðir. Ekki var hægt að sjá á niðurstöðum hvernig aðferðum var blandað saman enda eru vinnubrögð kennara misjöfn eftir nemendahópnum hverju sinni. Í samtölum MML við kennara kom oft fram að kennarar velja það sem þeir telja „best“ í hverri aðferð fyrir sig. Það er því ljóst að oft er aðferðum og hugmyndafræði ekki fylgt að fullu þó svo að það sé stefna skólans að fylgja ákveðinni aðferð. Breytingar á starfsmannahaldi milli ára, þar sem þekking hverfur með kennurum hefur jafnframt áhrif. Miðað við gögn úr Læsi – 2 sl. 15 ár hafa litlar framfarir orðið í lestrarfærni hjá 8 ára börnum.

MML mun halda áfram að útfæra vinnulag um ráðgjöf og fræðslu sem hentar skólum. Áhersla verður á að upplýsa kennara um rannsóknir sem hafa sýnt árangursríkar lestrarkennsluaðferðir. Einnig verður hugað að hvernig hægt er að styðja við nýja kennara í lestrarkennslu byrjenda og boðið upp á stuðning við kennara á mið- og unglingastigi í vinnu með málþroska og læsi, auk fræðslu fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi um mál og læsi.

Í erindisbréfi til starfshópsins var óskað eftir að skoðuð yrði fylgni námsárangurs í læsi við lestrarkennsluaðferðir. Til að komast að því hvaða lestrarkennsluaðferðir eru notaðar í grunnskólum þarf að fara fram langtímarannsókn í samvinnu við háskólasamfélagið.

Tillaga 9. Aukinn stuðningur við kennara varðandi lestrarkennslu á öllum stigum grunnskólans

- Leitað verði leiða til að styðja á markvissan hátt við nýja kennara í lestrarkennslu byrjenda og þeim fylgt fyrstu tvö skólaárin
- Leitað verði leiða til að styðja á markvissan hátt við kennara á mið- og unglingastigi í vinnu með mál og læsi
- MML standi fyrir fræðslu og námskeiðum til að styðja starfsfólk í skóla og frístundastarfi í vinnu með mál og læsi

2. Greining á niðurstöðum mats á stöðu og framförum barna við lýðfræðilegar breytur

Í þessum hluta er reynt að svara þeim lið erindisbréfsins (sjá fylgiskjal 1) sem snýr að lýðfræðilegum breytum og mati á stöðu barna, eftir því sem gögnin leyfa. Þær takmarkanir eru þó á úrvinnslunni að vegna persónuverndarlöggjafar og stefnu Menntamálastofunnar hefur skrifstofa skóla- og frístundasviðs (SFS) ekki aðgang að einkunnum einstakra barna og því heldur ekki einkunnum eftir kyni eða upplýsingar sem varpa ljósi á samsetningu barnahópsins.

Í samræmdu prófunum er aðeins hægt að fá aðgengi að meðaleinkunn skóla, miðgildi skólanna, staðalfrávikum einkunna hvers skóla og fjölda nemenda sem þreyttu prófið o.s.frv. Ekki er hægt að fá greiningu eftir kyni né móðurmáli eða nokkra aðra samsetningu hópsins. Niðurstöður Lesferils er heldur ekki hægt að greina nema að fá aðgang að gögnum úr Skólagátt hvers skóla fyrir sig. Verið er að skoða hvaða leiðir eru færar til að vinna dýpri greiningar. Ein leið er að skrifstofa SFS fái aðgang að gögnum Menntamálastofnunar þar sem búið er að taka út persónugreinanlega hluta gagnanna (þ.e. kennitölur og nöfn barnanna). Önnur leið væri að fá MMS til að gera þær djúpgreiningar sem þörf er á. Greiningin hér á eftir byggir því á gögnum sem búið er að taka saman fyrir hvern skóla fyrir sig og ber að túlka með þeim fyrirvara. Skoðuð er fylgni ákveðinna lýðfræðilegra breyta í hverju skólahverfi við árangur á samræmdum prófum í íslensku í 4., 7. og 10. bekk og árangur lesskimunar sem lögð er fyrir 2. bekk ár hvert. Þar sem einungis eru fyrirliggjandi upplýsingar um hlutföll barna sem ná ákveðnum þrepum í Lesferilinum er ekki fundin fylgni þess við lýðfræðilegu breytur.

Lýðfræðilegar breytur

Í þeim tilgangi að skoða bakgrunn skólabarna í grunnskólum borgarinnar fór skrifstofa SFS þess á leit við Hagstofuna að afla gagna um ýmsar lýðfræðilegar breytur einstakra skólahverfa. Sumar af þessum lýðfræðilegu breytum, svo sem menntun foreldra og ákveðnar tekjubreytur hafa mikla fylgni við námsárangur. Gefa þessar niðurstöður vísbendingu um bakland barnanna og áhrif þess á möguleika þeirra til að ná góðum námsárangri. Hafa ber í huga að verið er að vinna með meðaltalsupplýsingar úr hverfum sem þýðir að aðstaða barna innan hverfa getur verið misjöfn.

Þar sem árgangamunur getur verið á niðurstöðum samræmdu könnunarprófanna og hugsanlega eitthvað flókt milli ára í lýðfræðilegu breytunum, er tekið meðaltal síðastliðinna þriggja ára sem gögn ná til. Lýðfræðilegu gögnin frá Hagstofunni ná til ársins 2016 og því eru notuð meðaltöl fyrir árin 2014 til og með 2016. (Árið 2016 voru engin próf lögð fyrir í 10. bekk vegna breytinga þar sem börnin er látin taka prófin í 9. bekk, þess í stað voru einkunnir úr 10. bekk árið 2017 notuð). Til að meta samband milli tveggja breyta (þátta) er oft reiknaður fylgnistuðull. Fylgnistuðullinn getur farið frá mínus einum og plús einn. Fullkomið jákvætt samband milli tveggja breyta er 1, þegar ekkert samband er til staðar þá er fylgnin núll.

	Meðaltöl 2014-2016			
	Samræmd próf í íslensku í 4. bekk	Samræmd próf í íslensku í 7. bekk	Samræmd próf í íslensku í 9. bekk	Heildarstigafjöldi úr hefti 2 úr lesskimun 2. bekk
Hlutfall fullorðinna með háskólamenntun	,810**	,802**	,794**	,523**
Hlutfall fullorðinna með grunnskólamenntun	-,857**	-,831**	-,814**	-,522**
Miðgildi ráðstöfunartekna fjölskyldna	,550**	,607**	,557**	,157
Hlutfall fjölskyldna undir lágtekjumörkum (undir 60% miðgildis ráðstöfunartekna borgarinnar)	-,151	-,124	,102	,159
Hlutfall innflytjenda af heildarfjölda íbúa skólahverfis	-,676**	-,600**	-,696**	-,236*
Hlutfall einstæðra foreldra af fjölda fjölskyldna	-,261*	-,252*	-,195	-,032
Hlutfall fjölskyldna sem 25% eða meira af heildatekjum er "fjárhagsaðstoð" frá ríki eða sveitarfélagi	-,756**	-,747**	-,778**	-,336**
Hlutfall þeirra sem tóku milli mála málskilningsprófið	-,689**	-,613**	-,667**	-,389*

* Fylgnin er marktæk við 0,05 marktæktarstig (tvíhliðapróf).

** Fylgnin er marktæk við 0,01 marktæktarstig (tvíhliðapróf).

Mynd 4. Fylgni við lýðfræðilegar breytur

Ljóst er að menntunarstig foreldra, miðgildi ráðstöfunartekna í hverfinu, hlutfall innflytjenda (hvort sem það er mælt með fjölda í hverfinu eða börnum sem taka Milli mála málskilningsprófið í hverjum skóla fyrir sig) og hversu stórt hlutfall nýtur fjárhagsaðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi í formi atvinnuleysisbóta, örorkubóta o.s.frv. hefur mikla og marktæka fylgni við námsárangur. Það er, því hærra menntunarstig, hærra miðgildi tekna, lægra hlutfall innflytjenda og lægra hlutfall sem fær framfærslu frá hinu opinbera þeim mun hærri eru meðaltalseinkunnirnar í íslensku á samræmdu prófunum. Minni fylgni er þó við lesskimunarprófin í öðrum bekk, en er við samræmdu prófin við allar breyturnar.

Varlega verður að fara í að lesa of mikið í orsakasamhengið en niðurstöðurnar gefa engu að síður vísbendingar um að árangur í námi er betri þar sem bakland barnanna er sterkara, menntun foreldranna meiri, tekjur fjölskyldunnar hærri og þess háttar.

Neikvætt samband er að finna milli hlutfalls einstæðra foreldra og árangurs í samræmdum könnunarprófum í íslensku í 4. og 7. bekk og er það samband mun veikara en við hinar breyturnar. Fylgnin við hlutfall þeirra sem eru undir lágtekjumörkum er ekki marktæk. Það er þó fylgni á milli þess að vera undir lágtekjumörkum og hlutfalls einstæðra sem endurspeglar minni fjárráð þeirra.

Ástæða lágrar fylgni hlutfalls þeirra sem lenda undir lágtekjumörkum og námsárangurs er að einhverju leyti sú að þetta hlutfall er hátt í Vesturbæ og Miðbæ þar sem meðaleinkunnir eru jafnframt frekar háar. Sama á við um lýðfræðilegar breytur sem eiga að varpa ljósi á hvort fólk býr í eigin húsnæði eða er í leiguhúsnæði og þarf að flytja oft af þeim sökum. Margir háskólanemar búa í Vesturbænum og þótt aðeins sé verið að skoða tekjugögn fyrir þann hóp sem á börn á grunnskólaaldri þá er eitthvað um að nemendur sem eru í háskólanámi og eru tímabundið með lágar tekjur, eigi börn á þessum aldri og eru búsettir í Vesturbænum og Miðbænum. Þetta hefur þau áhrif að ekkert marktækt samband er á milli hlutfalls þeirra sem eru undir lágtekjumörkum og árangurs í námi. Þess ber að geta að þessir fylgnireikningar nota meðaltöl og taka til að mynda ekki með í reikninginn að dreifing einkunna í einstaka skólum er stundum mikil sem þýðir að talsvert er um að börnum gangi ekki vel þótt meðaltal einkunnanna sé hátt.

Vert er að skoða fylgni þess hlutfalls sem tekur Milli mála málskilningsprófið og sömu lýðfræðilegu breytanna. Niðurstöður þeirra fylgniútreikninga er að finna á mynd 6. Eins og við er að búast er mikil fylgni á milli hlutfalls þeirra sem taka Milli mála málskilningsprófið og hlutfalls

innflytjenda í skólahverfinu. Þegar hlutfall þeirra sem taka Milli mála málskilningsprófið hækkar, þá lækkar fjöldi þeirra foreldra sem eru með háskólamenntun og hlutfall þeirra sem eru aðeins með grunnskólamenntun eykst. Einnig lækkar miðgildi ráðstöfunartekna hverfis. Enn fremur hækkar hlutfall þeirra sem fá 25% eða meira af heildartekjum sem framfærslu frá hinu opinbera, hlutfall þeirra sem eru undir lágtekjumörkum hækkar sem og hlutfall þeirra sem eru einstæðir. Varast ber að oftúlka þessar niðurstöður en þær gefa til kynna að þeir skólar sem eru með hátt hlutfall barna sem eru að læra íslensku sem annað mál (eða börn sem hafa búið lengi erlendis) þurfi að hafa í huga að nemendur þeirra búi hugsanlega við lakari lýðfræðileg skilyrði.

Þegar stigum úr Milli mála málskilningsprófinu er skilað gefur skólinn eingöngu upp hvort börnin eru á rauðu, gulu eða grænu svæði. Stigum sem börn ná á Milli mála málskilningsprófinu hefur ekki verið safnað miðlægt. Ekki hefur verið hægt að skoða lýðfræðilegu breyturnar, að svo stöddu, í tengslum við árangur á því prófi. Eftir á að meta hvort að mögulegt sé að afla þeirra gagna miðlægt vegna upptöku nýrrar persónuverndarlöggjafar.

Meðaltöl árána 2014-2016	
	Hlutfall þeirra sem tóku milli mála málskilningsprófið
Hlutfall fullorðinna með háskólamenntun	-,492**
Hlutfall fullorðinna með grunnskólamenntun	,630**
Miðgildi ráðstöfunartekna fjölskyldna	-,614**
Hlutfall fjölskyldna undir lágtekjumörkum (undir 60% miðgildis ráðstöfunartekna borgarinnar)	,440**
Hlutfall innflytjenda af heildarfjölda íbúa skólahverfis	,882**
Hlutfall einstæðra foreldra af fjölda fjölskyldna	,585**
Hlutfall fjölskyldna sem 25% eða meira af heildartekjum er "fjárhagsaðstoð" frá ríki eða sveitarfélagi	,832**
* Fylgnin er marktæk við 0,05 marktæktarstig (tvíhliðapróf).	
** Fylgnin er marktæk við 0,01 marktæktarstig (tvíhliðapróf)	

Mynd 5. Fylgni lýðfræðilegra breyta við Milli mála málskilningsprófið.

Lesskimun í öðrum bekk

Til að fylgjast með þróun og stöðu lestrarkunnáttu barna í 2. bekk hefur skrifstofa skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar safnað upplýsingum úr niðurstöðum á Læsi-2 s.l. 15 ár (sjá nánari upplýsingar í kafla 1.1.1.a.).

Læsi-2 er tæki sem notað er til að meta lestrarfærni og lesskilning nemenda. Prófið er lagt fyrir í grunnskólum Reykjavíkur að vori í öðrum bekk og senda stjórnendur ópersónugreinanlegar niðurstöður til skrifstofu SFS þar sem unnið er úr þeim. Skýrsla er gefin út að hausti ár hvert. Prófbættirnir eru fimm og telja samtals 46 atriði. Til að geta lesið sér til gangs þarf nemandi að geta leyst a.m.k. 65% atriðanna. Geti nemandi leyst á bilinu 50-64% telst hann *vera við það að ná* tókum á lestrinum. Þeir sem ekki ná 50% árangri teljast þurfa á sérstökum stuðningi í lestri að halda. 50% árangur telst því lágmarksviðmið.

Prófbættirnir eru eftirfarandi:

1. Lesa setningar og velja mynd - Nemandi les setningu og merkir við mynd, val um fjórar myndir
2. Hlusta og svara – Kennari les stutta frásögn og nemandi svarar fjölvalsspurningum
3. Velja orð út frá samhengi – Nemandi lesa áfram frásögnina og á að velja orð sem eiga við frásögnina út frá samhengi (val um þrjú orð)
4. Lesa og svara spurningum – Nemandi les áfram og á að svara fjölvalsspurningum út frá textanum (2 staðreyndaspurningar og 3 ályktunarspurningar)
5. Lesa fyrirmæli og framkvæma – Nemandi les fyrirmæli og merkir á kort


Niðurstöður úr Læsi-2, sem lagt var fyrir í öðrum bekk 2017, lágu fyrir í október sama ár. Mikill munur var á milli skóla í höfuðborginni og var meðalárangur lægsta skólans 49,3% en meðalárangur hæsta skólans var 84,8 %. Meðalárangur allra skóla í Reykjavík sem lögðu Læsi-2 fyrir var 69,2%, sjá mynd 7.

Meðalárangur í Reykjavík og í skólum með hæsta og lægsta meðalárangur, í hverjum prófbætti árið 2017.							
		Lesi setningar, velja mynd (23)	Hlusta og svara (2)	Velja orð út frá samhengi (6)	Lesi og svara spurningum (5)	Lesi fyrirm.og framkv. (10)	Samtals (46)
Reykjavík	Meðalárangur	70,9%	78,8%	49,0%	54,9%	82,8%	69,2%
Skólar							
	Hæsti meðalárangur	87,7%	89,3%	84,1%	80,0%	94,8%	84,8%
	Lægsti meðalárangur	46,5%	64,9%	25,3%	28,3%	69,6%	49,3%


Mynd 6. Meðalárangur skóla með hæsta og lægsta meðalárangur 2017

Upplýsingar úr þessu prófi sl.15 ár sýna að hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gangs hefur verið á bilinu 60- 71%. Meðaltal áranna er 65,83% og er þar átt við meðaltal útkomu allra nemenda á þessum árum. Árið 2017 var hlutfall barna sem getur lesið sér til gagns við lok annars bekkjar 63%. Hafa þarf í huga að vorið 2017 lögðu ekki allir skólar skimunina fyrir og í þeim hópi voru tveir skólar sem undanfarin ár hafa verið í hæsta meðaltali. Hér þarf einnig að athuga að einungis var verið að tala um hæsta þriðjung prófsins, þá sem fengu 65% stiga eða hærra. Þegar skoðaður var sá hópur sem náði lágamarksviðmiði (50% eða fleiri atriði rétt) kom í ljós að 82% nemenda voru í þeim hópi. Þegar horft var til þess hóps sem var í neðsta hluta (0-49% rétt atriði) og telst þurfa á *sérstökum stuðningi* að halda sést að sá hópur var um 18%.

Tölur frá árunum 2002-2017 sýna að tveir þættir lestrarprófsins Læsi-2 koma áberandi verst út en það eru þættir 3 og 4. Í þeim prófbáttum er verið að meta ályktunarhæfni og lesskilning.



Mynd 7 . Að velja orð út frá samhengi -prófpáttur 3



Mynd 8. Lesa og svara spurningum -prófpáttur 4.

Ráðgjafar MML munu á markvissari hátt vekja athygli kennara á þessum niðurstöðum og benda á leiðir til að efla færni í þessum þáttum.

Kennsluaðferðir og niðurstöður úr lestrarskimunum

Ákaflega takmarkaðar upplýsingar er að finna um kennsluaðferðir og því er ekki reynt að leggja mat á niðurstöður lesskimunar eftir kennsluaðferðum. Skoðaðar eru kennsluaðferðir í ytra mati skólanna en þar sem aðeins fáir skólar fara í gegnum ytra mat á hverju ári og skólarnir eru stöðugt með kennsluaðferðirnar í þróun er ekki gott að túlka þær niðurstöður nema fyrir einstaka skóla.

Byrjendalæsi er ein af þeim aðferðum sem hafa verið teknar upp. Tuttugu af borgarreknum skólum Reykjavíkurborgar innleiddu byrjendalæsi á árinum 2008-2012. Við skoðun á meðaleinkunnum í samræmdum prófum í íslensku í fjórða bekk árin þrjú fyrir innleiðingu og þriggja ára meðaltal eftir að þriggja ára innleiðingu lýkur sýnir að meðaleinkunnirnar lækkuðu um 0,6 en sá munur er ekki marktækur. Þótt hann væri marktækur er hann óverulegur þar sem einkunnirnar eru dreifðar á bilinu 0-60 þar sem landsmeðaltal er sett á 30. Annmarkar eru á þessum útreikningum þar sem meðaltölin eru vegin eftir stærð skólanna en ekki fundin út frá þeim nemendum sem þreyttu prófið. Miklu skiptir að halda áfram að fylgjast með gangi mála og er eðlilegast að Menntamálastofnunin geri að nýju úttekt þar sem þeir hafa aðgengi að grunnögnum samræmdu prófanna og lesferilsprófanna sem og einkunnir fyrir fleiri en skólana í Reykjavík.

Skoðaðar voru einkunnir nemenda í lesskimunarprófinu í öðrum bekk þar sem fundið var meðaltal allra skólanna tuttugu, þrjú ár fyrir innleiðingu og þrjú ár eftir þriggja ára innleiðinguna. Niðurstaðan er að það er ekki marktækur munur á heildarstigum í lesskimun fyrir og eftir. (Meðaltals heildarstig var 29,73 fyrir og 29,52 eftir sem er lækkun um -0,47 stig, p-gildi einhliða prófs er 0,32 og enginn marktækur munur). Það eru því ekki sjáanlegar framfarir við að innleiða Byrjendalæsi en eins og áður hefur verið tekið fram þyrfti að taka með í reikninginn aukningu í nemendafjölda sem ekki hefur íslensku að móðurmáli.

Þegar skoðaðar eru meðaleinkunnir einstakra skóla þrjú ár fyrir og þrjú ár eftir innleiðinguna þá hækkaðu einkunnirnar í samræmdu prófunum í 4. bekk hjá sjö af skólunum en lækkuðu í þrettán þeirra. Aðeins í einum skóla var lækkunin á mörkum þess að vera marktæk en almennt var munurinn ekki marktækur. Af þeim fimm skólum sem sáu mestu lækkunina (1 – 1,65 stig) hefur orðið talsverð fjölgun barna sem ekki hefur íslensku að móðurmáli. Æskilegt væri að taka hlutfall þeirra með í reikninginn þegar þróun námsárangurs í íslensku er skoðaður en ekki vannst tími til þess auk þess sem mælingum á fjölda barna sem hafa íslensku sem annað tungumál er ábótavant og ekki alltaf sambærileg milli ára.

Fáir skólar eru að nota eina lestrarkennsluaðferð sem þeir aðhyllast og ekkert umfram það. Áhugavert væri að gera rannsókn á þessu en þá eftir að aðgengi að einkunnum hefur verið tryggt eða í samstarfi við Menntamálastofnun. Í könnun starfshópsins (fylgiskjal 2) vegna vinnu með læsi í skólastarfi var spurt um lestrarkennsluaðferðir sem notaðar eru í grunnskólum og kom fram að einungis tveir skólar segjast nota eingöngu Byrjendalæsi og tveir skólar noti eingöngu hljóðaaðferð (sjá mynd 10). Hluti skóla sem nota Byrjendalæsi segist nota einnig hljóðaaðferð enda tilheyrir það kennsluaðferðinni.

Erfitt er að átta sig á svörum frá skólunum þar sem svo virðist að þeir fylgi ekki alfarið þeim aðferðum sem þeir hafa innleitt. Eina leiðin til að ganga úr skugga um að hvaða lestrarkennsluaðferð er beitt er að sitja inn í kennslustundum og fylgjast með lestrarkennslu auk þess að taka einstaklingsviðtöl við alla kennara sem kenna lestur í grunnskólum borgarinnar.

	EINGÖNGU	AÐ MESTU LEITI	NOKKUÐ	LÍTIÐ	EKKI NOTUÐ
Að skrifa sig til læsis - ASL	0.00% 0	0.00% 0	33.33% 6	33.33% 6	33.33% 6
Byrjendalæsi	6.45% 2	54.84% 17	16.13% 5	16.13% 5	6.45% 2
Heildaraðferðir/LTG	0.00% 0	26.67% 4	40.00% 6	20.00% 3	13.33% 2
Hljóðaaðferð	5.88% 2	73.53% 25	17.65% 6	2.94% 1	0.00% 0
PALS	6.67% 2	20.00% 6	53.33% 16	20.00% 6	0.00% 0
Stýrð lestrarkennsla (Direct Instruction)	0.00% 0	10.00% 2	45.00% 9	30.00% 6	15.00% 3

Mynd 9. Lestrarkennsluaðferðir

Rannsóknir á lestrarkennsluaðferðum hafa sýnt fram á að heilstæðar lestrarkennsluaðferðir eins og Byrjendalæsi gefa góða raun að því gefnu að hljóðaaðferðin sé hluti af kennslunni (Fisher, Frey og Hattie, 2016).

Tillaga 10. Unnið verði með niðurstöður skimana með það að markmiði að bæta skólastarf.

- Niðurstöðum úr Lesferli safnað saman og unnið verði úr þeim gögn sem nýtast skólastjórnendum, skrifstofu SFS, ráðgjöfum MML og kennsluráðgjöfum þjónustumiðstöðva til hagsbóta fyrir börn
- Niðurstöður Milli mála prófsins verði kynntar foreldrum og nýttar til að stuðla að auknum framförum nemenda með íslensku sem annað tungumál
- Hvatt verði til þess að skil til skóla og skólayfirvalda á niðurstöðum vegna samræmdra prófa verði greind út frá prófpáttum og þeim sé skilað um leið og niðurstöðum til nemenda
- Niðurstöður nýrra skimunartækja á vegum MMS nýttar á sama hátt

3. Mótun verklags

Skólastjórnendur og kennarar í Reykjavík hafa óskað eftir verklagi varðandi vinnu með málþroska og læsi í hverfum, frá því að skýrsla Fagráðsins kom út vorið 2015. Starfsfólk skrifstofu SFS hefur í ráðgjöf sinni horft til tillagna Fagráðsins númer eitt og fjögur sem fjalla um að í öllum hverfum verði komið á samstarfi skóla, skólastiga og frístundastarfs um vinnu með mál og læsi. MML hefur haldið þeirri vinnu áfram og ítrekað þær tillögur í ráðgjöf sinni. MML vinnur að mótun verklags sem skólar og frístundastarf í hverfum geta haft til hliðsjónar.

Nú þegar er komin af stað samvinna skóla- og frístundastarfs í nokkrum hverfum um eflingu máls og læsis. Bæði er um að ræða heilstæð samstarfsverkefni alls hverfisins og samvinnu í hverfishluta. Stefnt er að því að í öllum hverfum sé heildstæð samvinna allra skóla og frístundastarfs um vinnu með málþroska og læsi.

Ráðgjafar Miðju máls og læsis munu sjá um að verklag sem stuðlar að framförum í lestri verði mótað. Þeir hafa nú, eins og fram hefur komið, hafist handa og útbúið hluta þeirra gátlista og vinnuskipulags sem fer inn í verklagið. Uppsetning er í vinnslu en hana þarf að gera í samvinnu við fagaðila. Leitað verður til kennara í leik- og grunnskólum og til frístundastarfsmanna sem hafa skarað fram úr í vinnu með mál og læsi. Einnig verður horft til þeirra skóla sem best koma út í skimunum og reynt að læra af vinnubrögðum þeirra. Auk þessa verður horft til rannsókna á vinnu með málþroska og læsi.

Ráðgjafar MML munu bregðast við niðurstöðum skimana með fræðslu og ráðgjöf til skóla. Einnig munu ráðgjafar MML í samstarfi við starfsmenn SKOR skipuleggja söfnun gagna úr skimunum í málþroska og læsi og úrvinnslu þeirra. Verklagið mun verða hluti af læsisstefnu grunnskóla SFS, sem er í vinnslu hjá ráðgjöfum MML og síðar í sameiginlegri læsisstefnu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs sem áætlað er að verði að einni stefnu fyrir lok ársins 2022. Verklagið verður sett inn á heimasíðu MML.

Stefnt er að því að halda fundi með stjórnendum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs á skólaárinu 2018-2019 þar sem enn frekar verður farið í samstarf skóla og frístundastarfs í hverfum varðandi vinnu með málþroska og læsi. Þar verður þetta verklag sérstaklega kynnt og hugmyndir Fagráðsins ítrekaðar. Verklag í vinnu með málþroska og læsi sem stuðlar að auknum framförum í lestri mun byggja á eftirfarandi þáttum:

- Samstarfsverkefni í hverfum
 - Verklag um samstarfsverkefni, skipulag og hlutverk allra aðila.
 - Skipulag samstarfsverkefna
 - Stofnun stýrihóps í hverfi
 - Hlutverk stýrihóps
 - Hlutverk læsisteyma
 - Gátlisti fyrir samstarfsverkefni í hverfum
 - Áætlun um mat á heildstæðum verkefnum í hverfum
- Læsisáætlun í öllum hverfum, leik- og grunnskólum sem byggir á læsisstefnum SFS
 - Gátlisti fyrir læsisáætlanir leik- og grunnskóla
 - Gátlisti um innleiðingu læsisáætlunar
 - Verklag um mat og eftirfylgd með læsisáætlunum
- Eftirfylgd með stöðu og framförum barna í málþroska og læsi
 - Listi fyrir skimunartæki sem nýta má
 - Verklag um fyrirlögn skimana, hlutverk og tímasetningar
- Úrvinnsla og vinna með niðurstöðum á stöðu og framförum
 - Gátlisti um úrvinnslu og vinnu með niðurstöðum

- Áætlun samkvæmt hugmyndafræði stigskiptrar kennslu (e. response to intervention, RTI) sem liður í læsisáætlun
- Verklag varðandi skil á niðurstöðum á milli skóla og skólastiga
- Verklag um skil á niðurstöðum til foreldra

Verklag um vinnu MML út frá niðurstöðum

- Áætlun um viðbrögð MML til þeirra skóla sem ekki ná lágmarksviðmiðum í skimunum
- Vinnulag MML fyrir fræðslu og ráðgjöf til skóla eftir að niðurstöður um stöðu og framfarir málþroska barna og lestrarfærni liggja fyrir
- Vinnulag MML fyrir fræðslu og ráðgjöf til skóla vegna barna með annað móðurmál en íslensku
- Vinnulag MML fyrir fræðslu og ráðgjöf til skóla vegna barna með málþroskavanda
- Gagnabanki um viðbragðsleiðir
- Gagnabanki yfir viðurkenndar og gagnreyndar lestrarkennsluaðferðir
- Gagnabanki yfir vinnu með málþroska og læsi bæði fyrir leik- og grunnskóla
- Gagnabanki yfir leiðir fyrir frístundastarf í vinnu með læsi í daglegu starfi
- Gagnabanki fyrir foreldra um leiðir sem þeir geta notað til að efla málþroska og styðja við lestrarnám barna þeirra

Skrifstofa sviðstjóra SFS (SKOR) mun safna saman og vinna úr gögnum sem hægt er að nálgast er varða stöðu og framfarir á málþroska og læsi barna

- Safna saman og vinna úr gögnum frá leikskólum
- Safna saman og vinna úr gögnum frá grunnskólum
- Safna saman og vinna úr gögnum frá Menntamálastofnun

4. Aðgerðabundin og tímasett markmiðaaætlun

Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
1	Stuðla að meðaltalshækkun á lestrarfærni (Læsi-2/Lesmál og PISA annað þrep) nemenda í Reykjavík verði um 1% á ári þangað til 90% viðmiði er náð	Fá fram nákvæmari umræður um árangur í lestrarfærni við lok annars bekkjar (Lestraskimanir, Læsi-2/Lesmál). Athyglinni beint að öllum þremur hópunum sem skimanir veita upplýsingar um og hvetja kennara til að útbúa hæfniviðmið sem hæfa hverjum hópi Efla þekkingu kennara og starfsfólks á öllum skólastigum og í frístundastarfi á þáttum málþroska og læsis. Stuðla að beitingu skipulagðra vinnubragða til að efla málþroska og læsi í skóla- og frístundastarfi, Response to Intervention (RTI) Þjóða upp á leiðsögn um markviss vinnubrögð (RTI) í leik- og grunnskólum Stuðla að markvissri vinnu með alla þætti málþroska og læsis frá því að barn byrjar í leikskóla til loka grunnskólagöngu Þjóða upp á fræðslu til foreldra/forráðamanna um hlutverk þeirra við eflingu málþroska og læsis Fjölga kennurum með sérþekkingu til að sinna nemendum með íslensku sem annað mál og lestrarkennslu á yngsta stigi	2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 ->	MML í samvinnu við SKOR og skólasamfélagið MML í samvinnu við MMS, kennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar og sérkennarar í skóla- og frístundastarfi MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar og sérkennarar MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar, sérkennarar í skóla- og frístundastarfi og kennara leik- og grunnskóla MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar og sérkennarar Skóla- og frístundaráð, skrifstofa SFS og skólastjórnendur

		Starfsstaðir Skóla- og frístundasviðs setji sér virka málstefnu sem byggir á Málstefnu Reykjavíkur. Bæta við stöðugildum í leikskólum til að starfsfólk leikskóla geti uppfyllt forvarnarhlutverk sitt vegna málþroska og læsis þar sem þörf er Efla þekkingu kennara allra skólastiga á málþroskaröskunum, afleiðingum þeirra og leiðum til að styðja börn til að ná árangri í námi Taka þátt í að bæta viðhorf og umræðu um PISA prófin í samvinnu við skólasamfélagið, MMS og Mennta- og menningarmálaráðuneytið Reykjavíkurborg fylgi eftir tillögum starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík og setji sér þau markmið að fá fleiri leikskólakennara til starfa	2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 ->	MML, skrifstofa SFS, Skólastjórnendur og framkvæmdastjórnar frístundastarfs Skóla- og frístundaráð, stjórnendur SFS og skólastjórnendur Stjórnendur SFS og SFS-ráð MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar, sérkennarar í skóla- og frístundastarfi Allt skólasamfélagið Skóla- og frístundaráð, stjórnendur SFS
Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
2	Læsisstefnur SFS verði endurskoðaðar á þriggja ára fresti og læsisáætlanir leik- og grunnskóla verði endurskoðar árlega	Samvinna fagskrifstofu SFS og MML verði um endurskoðun læsisstefna SFS. Verklag um þá vinnu verði útbúið vor 2019 Ljúka þarf við læsisstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir árslok 2020 Læsisstefnur leik- og grunnskóla verði sameinaðar í eina stefnu fyrir 1. ágúst 2022	2019 Fyrir árslok 2020 1. ágúst 2022 2021	MML og læsisteymi skrifstofu SFS MML í samvinnu við skrifstofu SFS og fulltrúa stjórnenda og kennara frá grunnskólum Reykjavíkur MML í samvinnu við skrifstofu SFS og fulltrúa stjórnenda og kennara frá leik- og grunnskólum og frístundastarfi Starfsfólk leik- og grunnskóla

		Allir leik- og grunnskólar hafi lokið við gerð læsisáætlunar sem byggir á stefnu SFS og skýrslu fagráðsins, vorið 2021 Útbúa verklag vegna samvinnu fagskrifstofu SFS og MML um innköllun læsisáætlana. Það skal tilbúið fyrir árslok 2019 Allir leik- og grunnskólar yfirfari læsisáætlanir sínar árlega	Árslok 2019 2020->	MML og læsisteymi skrifstofu SFS Starfsfólk leik- og grunnskóla
Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
3	Samræmd vinnubrögð varðandi mat á stöðu og framförum barna	Lesferill MMS verði notaður í grunnskólum borgarinnar Hver grunnskóli útfæri aðgerðaáætlun vegna stöðu barna Unnið verði að því að nafnlausar niðurstöður Lesferils verði aðgengilegar ráðgjöfum MML, talmeinafræðingum og kennsluráðgjöfum þjónustumiðstöðva Hljóm-2 verði áfram lagt fyrir fimm ára börn í leikskólum borgarinnar Hver leikskóli geri sér áætlun um hvernig hann hyggst fylgjast með framförum barna yngri en fimm ára í málþroska og læsi sem hluta af læsisáætlun Hver leikskóli útfæri aðgerðaáætlun vegna stöðu barna	2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 - 2020	Starfsfólk í grunnskólum Starfsfólk í grunnskólum MML í samvinnu við Menntamálastofnun og SKOR Starfsfólk leikskóla Stjórnendur og starfsfólk leikskóla Stjórnendur og starfsfólk leikskóla

		Fjölga ráðgjöfum MML til að eftirfylgd verði markvissari Fjölga kennsluráðgjöfum í þjónustumiðstöðvum vegna vinnu með stýrihópum í leik- og grunnskólum við úrvinnslu, áætlanagerð og eftirfylgd vegna skimana Óskað verði eftir að MMS ljúki gerð lesskilningsprófa, ásamt því að útbúa fjölbreytt matstæki um málþroska og læsi fyrir leik- og grunnskólastig Starfshópurinn leggur til að hætt verði að nota Læsi-2 í grunnskólum borgarinnar Starfshópurinn leggur til að grunnskólar borgarinnar noti lesskimunarpróf menntamálastofnunar	2018 -> 2020	Samþykki Skóla- og frístundaráðs Samstarf VEL og SFS – samþykki Skóla- og frístundaráðs og Velferðarráðs MML ræðir við Læsissteymi MMS um mikilvægi greiningartækja Starfsfólk í grunnskólum Starfsfólk í grunnskólum
Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
4	Í öllum hverfum verði formgert samstarf milli leikskóla grunnskóla og frístundastarfs.	MML geri úttekt á stöðu samstarfs í hverfum borgarinnar, dragi saman niðurstöður og ljúki því fyrir 1. júlí 2019 Verklag um samstarf milli skóla og frístundastarfs verði endurskoðað og lokið í sept. 2019 Vorið 2019 mun MML funda með samráðshópum stjórnenda leik-, grunnskóla og frístundastarfs í hverfum borgarinnar um framgang samstarfsverkefna MML bjóði upp á námskeið fyrir stýrihópa um samstarfsverkefni Lagt er til að samstarf milli leik-, grunnskóla og frístundastarfs sé á ábyrgð tiltekinna aðila innan	Lokið 1. júlí 2019 Lokið maí 2019 Lokið sept. 2019 2018 -> 2018 ->	MML MML MML MML Starfsfólk í leik- og grunnskólum

		starfsstöðva, t.d. aðstoðarskólastjóra og forstöðumanna frísundastarfs		
Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
5	Allir leik- og grunnskólar stofni læsisteymi	Haustið 2019 séu starfandi læsisteymi í öllum leik- og grunnskólum borgarinnar MML fylgi eftir tillögu fagráðsins um stofnun læsisteyma og veiti ráðgjöf og eftirfylgd við þau MML bjóði upp á námskeið um hlutverk og ábyrgð læsisteyma Í hverjum skóla sé tengiliður við MML vegna vinnu með málþroska og læsi	2019 2018 -> 2018 -> Lokið okt. 2018	Stjórnendur í leik- og grunnskólum MML og stjórnendur í leik- og grunnskólum MML Stjórnendur í leik- og grunnskólum í samstarfi við MML
Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
6	Efla samstarf VEL og SFS með hag barna að leiðarljósi	Gera VEL og SFS kleift að deila verkefnum og samnýta starfsfólk Skilgreina þörf fyrir kennsluráðgjafa og talmeinafræðinga á þjónustumiðstöðvum og skoða starfshlutföll og skiptingu verkefna milli hverfa	2018 -> 2018 ->	Samstarf VEL og SFS – samþykki Skóla- og frístundaráðs og Velferðarráðs Samstarf VEL og SFS – samþykki Skóla- og frístundaráðs og Velferðarráðs
Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
7	Starfsfólki verði gefinn kostur á launuðum námsleyfum, bæði til lengri og styttri tíma	Reykjavíkurborg ásamt stéttarfélagum vinni að því að leik- og grunnskólakennarar geti sótt sér nám og fræðslu á háskólastigi í tengslum við starf sitt um málþroska og læsi og fái til þess launuð leyfi Reykjavíkurborg ásamt stéttarfélagum vinni að því að annað starfsfólk í skóla- og frístundstarfi geti sótt sér nám og fræðslu í tengslum við starf sitt um málþroska og læsi og fái til þess launað leyfi		Grundvallast af samþykki Skóla- og frístundaráðs Grundvallast af samþykki Skóla- og frístundaráðs

Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
8	Koma á markvissum vinnubrögðum samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunnar og stigskiptrar kennslu (e. response to intervention, RTI)	Að unnið sé á markvissan hátt með málþroska og læsi út frá þörfum barna Aukin áhersla verði á stuðning fyrir börn sem þurfa á honum að halda innan leik-, grunnskóla og frístundastarfs Gátlistar um læsisáætlanir í leikskólum kynntir fyrir öllum leikskólastjórum og starfsmönnum leikskóla á haustmánuðum 2019 Söfnun upplýsingum frá leikskólum á niðurstöðum á Hljóm – 2 verður frá og með hausti 2018 MML bjóði upp á námskeið um markviss vinnubrögð til að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi Komið verði á verklagi hjá leikskólum um skráningu á niðurstöðum heilsugæslunnar Áframhaldandi samræður við heilsugæsluna um skil á niðurstöðum til leikskóla MML býður grunnskólum upp á fræðslu um málþroska og málþroskavanda grunnskólabarna, lestrarörðuleika, lestrarkennsluaðferðir sem skila árangri og kennsluaðferðir sem henta börnum með íslensku sem annað tungumál	2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018 -> 2018-2019 2018 -> 2018 -> 2018 ->	MML, kennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, kennarar, talmeinafræðingar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi MML, stjórnendur og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi MML Starfsfólk leikskóla í samvinnu við MML og kennsluráðgjafa MML í samstarfi við starfsfólk leik-grunnskóla og frístundastarfs Leikskólar í samstarfi við MML MML MML í samstarfi við háskólasamfélagið

		Stuðlað verði að útgáfu fjölbreyttra námsgagna fyrir börn á leikskólastigi sem tekur á öllum mál- og læsisþáttum Hvatt verði til að auka fjölbreytni í útgáfu námsefnis á öllum skólastigum fyrir börn með sérstakar þarfir á sviði tals, máls, samskipta og læsis		SFS í samvinnu við útgefendur námsgagna SFS í samvinnu við útgefendur námsgagna
Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
9	Aukinn stuðningur við kennara varðandi lestrarkennslu á öllum stigum grunnskólans	Leitað verði leiða til a styðja á markvissan hátt við nýja kennara í lestrarkennslu byrjenda og þeim fylgt fyrstu tvö skólaárin Leitað verði leiða til a styðja á markvissan hátt við kennara á mið- og unglingastigi í vinnu með mál og læsi MML standi fyrir fræðslu og námskeiðum til að styðja starfsfólk í skóla og frístundastarfi í vinnu með mál og læsi	2019 -> 2018 -> 2018 ->	MML, skrifstofa SFS, stjórnendur skóla í samstarfið við háskóla landsins MML, skrifstofa SFS, stjórnendur skóla í samstarfið við háskóla landsins MML, stjórnendur í skóla og frístundastarfi
Nr.	Tillaga	Aðgerð	tímaáætlun	ábyrgðaraðili
10	Unnið verði með niðurstöður skimana með það að markmiði að bæta skólastarf.	Niðurstöðum úr Lesferli safnað saman og unnið verði úr þeim gögn sem nýtast skólastjórnendum, skrifstofu SFS, ráðgjöfum MML og kennsluráðgjöfum þjónustumiðstöðva til hagsbóta fyrir börn Niðurstöður Milli mála málörvunarprófsins kynntar foreldraum og nýttar til að stuðla að auknum framförum nemenda með íslensku sem annað tungumál	2018 -> 2018->	SKOR í samvinnu við MML og MMS Stjórnendur og kennarar í grunnskólum

		Hvatt verði til þess að skil til skóla og skólayfirvalda á niðurstöðum vegna samræmdra prófa verði greind út frá prófþáttum og þeim sé skilað um leið og niðurstöðum til nemenda	2018->	MML og SKOR í samvinnu við MMS
		Niðurstöður nýrra skimunartækja á vegum MMS nýttar á sama hátt	2018->	SKOR í samvinnu við MML og MMS

Kostnaðarliðir.

Annað en það sem liggur í launakostnaði skóla, MML eða skrifstofu SFS

- Fjölga kennurum og starfsfólki með sérþekkingu til að sinna nemendum með íslensku sem annað mál og lestrarkennslu á yngsta stigi.
- Bæta við stöðugildum í leikskólum til að starfsfólk leikskóla geti uppfyllt forvarnarhlutverk sitt vegna málþroska og læsis þar sem þörf er.
- Fjölga ráðgjöfum MML til að eftirfylgd verði markvissari.
- Fjölga kennsluráðgjöfum í þjónustumiðstöðvum vegna vinnu með stýrihópum í leik- og grunnskólum við úrvinnslu, áætlanagerð og eftirfylgd vegna skimana.
- MML býður grunnskólum upp á aðkeypta fræðslu um málþroska og málþroskavanda grunnskólabarna, lestrarörðuleika, lestrarkennsluaðferðir sem skila árangri og kennsluaðferðir sem henta börnum með íslensku sem annað tungumál.
- MML standi fyrir fræðslu og námskeiðum til að styðja við kennara og starfsfólk í skóla og frístundastarfi í vinnu með mál og læsi í samstarfi við sérfæðinga.
- Reykjavíkurborg ásamt stéttarfélögum vinni að því að leik- og grunnskólakennarar geti sótt sér nám og fræðslu á háskólastigi í tengslum við starf sitt um málþroska og læsi og fái til þess launuð leyfi.
- Reykjavíkurborg ásamt stéttarfélögum vinni að því að annað starfsfólk í skóla- og frístundastarfi geti sótt sér nám og fræðslu í tengslum við starf sitt um málþroska og læsi og fái til þess launuð leyfi.

Lokaorð

Í þessari skýrslu var farið yfir tillögur fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skólum og frístundastarfi í Reykjavík og staðan framkvæmda þeirra tillagna skoðuð. Starfshópur um markvisst verklag við útfærslu tillagna fagráðs lagði fram tíu tillögur í vinnu með málþroska og læsi sem stuðla eiga að framförum og þær tímasettar. Hver tillaga inniheldur frekari útfærslu. Tilgangurinn með tillögunum er að skerpa betur á hugmyndum fagráðsins, koma á vinnubrögðum sem leiða til framfara og árangurs í læsi.

Skýrslan verður send Skóla- og frístundaráði til umsagnar og samþykktar. Vinna samkvæmt hugmyndum hennar byggir á samþykktum ráðsins. Hlutverk Miðju máls og læsis og skrifstofu Skóla- og frístundasviðs er að sjá til þess að samþykktar tillögur komi til framkvæmda. Fáeinir liðir í tillögum starfshópsins eru ekki á valdi SFS að framkvæma en SFS getur haft áhrif eða stuðlað að því að breytingar verði.

Ráðgjafar Miðju máls og læsis unnu skýrsluna að mestu leiti í samvinnu við fulltrúa starfshópsins. Allar tillögur voru unnar af starfshópnum og hefur allur texti skýrslunnar verið lesinn yfir af fulltrúum og hafa þeir gefið samþykki sitt fyrir því sem þar stendur. Ráðgjafar MML vilja þakka fulltrúum starfshópsins fyrir faglegt og gott samstarf. Starfshópurinn vill þakka öllum samstarfsaðilum fyrir aðkomu þeirra að vinnunni.

Heimildir

- Ásgeir Björgvinsson og Guðrún Edda Bentsdóttir. (2017). *Lesskimun 2017, niðurstöður úr lesskimun í öðrum bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2017*. Reykjavíkurborg: Skóla-og frístundasvið.
- Auður Ævarsdóttir. (2017). *Ytra mat á leikskólastarfi. Samantekt ytra mats leikskóla árin 2011 - maí 2017*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Helgi Eiríkur Eyjólfsen og Stefán Hrafn Jónsson. (2017). *Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara*. Sótt af: http://reykjavik.is/sites/default/files/sfs_starfsumhverfi_grunnskólakennaraskýrsla_starfshops_um_nylidun_og_baett_starfsumhverfi_grunnskólakennara_i_reykjavik_2017-lok121217.pdf
- Helstu niðurstöður PISA 2015. (2016). Reykjavík: Menntamálastofnun.
- Lesvefurinn, Um læsis og lestrarerfiðleika. Sótt af: <http://lesvefurinn.hi.is/>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008. <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/148b/2008090.pdf>
- Lög um grunnskóla, nr. 91/2008. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/148b/2008091.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2014) *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af: https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf
- Menntamálastofnun*. (2017). Sótt frá mms.is: https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa-atta_staerstu_sveitarfelogin.pdf
- Menntamálastofnun*. (Ágúst 2016). Sótt frá Lesferill: <https://mms.is/frettir/nytt-matstaeki-fra-menntamalistofnun-sem-metur-laesi-og-undirstoduthaetti-laesis>
- Reeves, D. B. (2009). *Leading change in your school: How to conquer myths, build commitment, and get results*. Alexandria VA: ASCD
- Reykjavíkurborg. (2018). *Nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara*. Sótt af: <https://reykjavik.is/sites/default/files/skyrslaleikskolakennarar.pdf>
- Reykjavíkurborg. (2018). Drög að Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 „*Látum draumana rætast*“. Sótt af: https://reykjavik.is/sites/default/files/menntastefna_reykjavikur_250418_drog_til_umsgnar.pdf
- Rolnick, A., Grunewald, R., (2003). Early childhood development: Economic development with a high public return. *The Region*. Sótt af: https://www.minneapolisfed.org/publications_papers/studies/earlychild/abc-part2.pdf
- Sergiovanni, T. J. (2009). *The Principalship, A Reflective Practice Perspective*. Boston, MA: Allyn og Becon

- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi framistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000- 2015: leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla-veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt frá <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (2013). *Lesið í leik, læsisstefna leikskóla*. 1. útgáfa. Reykjavíkurborg.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). *Lesið í leik, læsisstefna leikskóla Reykjavíkur*. 2.útgáfa. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Stjórnarráðið. (2018). *Fjármálaáætlun*. Sótt frá <https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Fjarmalaaaetlun-2018-22.pdf>

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I. Erindibréf

ERINDISBRÉF

Heiti vinnuhóps: Starfshópur um markvisst verklag við útfærslu tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.
Ábyrgðarmaður Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS/fagstýrur fagskrifstofu SFS?
Hlutverk: Útfæra tillögur fagráðs um eflingu málþroska lestrarfærni og lesskilnings barna í skólum og frístundastarfi og móta verklag um framkvæmd þeirra með hliðsjón af áherslum menntastefnu Reykjavíkurborgar.
Helstu verkefni: Verkefni hópsins eru m.a. að: • móta verklag um hvernig megi stuðla að auknum framförum allra grunnskólanemenda í lestri og hækka hlutfall þeirra sem getur lesið sé til skilnings í 2. bekk grunnskóla. • móta verklag um vinnu með mál og læsi fyrir skóla- og frístundastarf • greina niðurstöður lestrarskimana m.a. út frá fylgni við, lýðfræðilegar breytur, samsetningu barnahópa og kennsluaðferðir. • móta og leggja fram aðgerðarbundin og tímasett markmið og áætlun um innleiðingu þeirra
Fulltrúar í hóp: Þóra Sæunn Úlfisdóttir og Sigrún J. Baldursdóttir fulltrúar Miðju máls og læsis. Bára Birgisdóttir fulltrúi grunnskóla, Sigrún Grétarsdóttir fulltrúi leikskóla, Þóra Melsteð fulltrúi frístundar, Kristín Ármannsdóttir fulltrúi þjónustumiðstöðva, Freyja Birgisdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins.
Formaður vinnuhóps: Dröfn Rafnsdóttir
Ráðgjöf/samstarf: • Aðrir starfsmenn sviðsins sem þekkja til viðfangsefnisins eða eru hagsmunaaðilar • Aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar þar sem er snertiflötur • Sérfræðingar á sviði málþroska og læsis, s.s. á vegum háskólastofnana • Læsissteymi Menntamálastofnunar
Starfstímabil: 1. janúar - 30. apríl 2018.
Skil: Hópurinn skili niðurstöðum með tímasettri áætlun í skilgreindum áföngum til skóla- og frístundaráðs fyrir 30. apríl 2018.

Fylgiskjal 2. Kannanir starfshóps

Grunnskólar - Könnun vegna vinnu með læsi í skólastarfi

Könnun vegna vinnu með læsi í skólastarfi

Að ósk Skóla- og frístundaráðs er starfandi starfshópur um læsi. Eitt af hlutverkum hans er að afla upplýsinga um vinnu með mál og læsi í grunnskólastarfi. Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningum.

1. Nafn skólans

2. Er starfandi læsisteymi í skólanum?

- ☐ Já
- ☐ Nei

3. Ef já, hvert er hlutverk þess? Merkið við allt sem við á.

- ☐ Búa til læsisáætlun fyrir skólann
- ☐ Uppfæra læsisáætlun
- ☐ Skipuleggja og hafa umsjón með mati á stöðu nemenda
- ☐ Úrvinnsla og gerð aðgerðaáætlunar í kjölfar mats á stöðu nemenda
- ☐ Stuðningur við kennara og starfsfólk varðandi málþroska og læsi
- ☐ Annað, tilgreinið

4. Situr fulltrúi frístundaheimils og/eða félagsmiðstöðvar í læsisteymi skólans?

- ☐ Já
- ☐ Nei

5. Hefur verið unnin læsisáætlun í skólanum í samræmi við tillögur Fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings sem kom út árið 2015?

- ☐ Já
- ☐ Já hún hefur verið birt á heimasíðu skólans
- ☐ Nei

6. Hvaða matsaðferð/skimun er notuð til að meta lestrarfærni nemenda skólaárið 2017-2018?

Merkið við allt sem við á.

- ☐ Tove Krogh
- ☐ Lesferill/Leið til læsis
- ☐ Lesferill/lesfimiþróf
- ☐ Lesferill/hliðarþróf
- ☐ Boehm-R
- ☐ Logos-skimun
- ☐ GPR10
- ☐ GPR14
- ☐ Lesmál fyrir 2. bekk
- ☐ Orðalykill
- ☐ Orðarún
- ☐ Læsi-1

- ☐ Læsi-2
- ☐ Aston index
- ☐ Les 1 og 2 eftir Ingibjörgu Simonardóttur
- ☐ Annað, tilgreinið

7. Hvernig eru niðurstöður úr skimunum nýttar? Merkið við allt sem við á.

- ☐ Áætlun gerð fyrir allan skólann
- ☐ Áætlun gerð fyrir árgang
- ☐ Áætlun gerð fyrir hópa
- ☐ Áætlun gerð fyrir einstaklinga
- ☐ Niðurstöðum Lesferils í 1. bekk (Leið til læsis) skilað til leikskóla
- ☐ Úrvinnsla og áætlunargerð í samvinnu við kennsluráðgjafa/talmeinafræðinga
- ☐ Ekki er unnið úr niðurstöðum

8. Er samvinna varðandi mál og læsi í hverfinu milli leik- og grunnskóla og frístundastarfs? Merkið við allt sem við á.

- ☐ Við leikskóla í hverfinu
- ☐ Við frístundastarf
- ☐ Við aðra grunnskóla í hverfinu
- ☐ Við kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöð hverfisins
- ☐ Engin samvinna er við leikskóla eða grunnskóla og frístundastarf varðandi mál og læsi

9. Hvaða lestrarkennsluáðferð er notuð í skólanum? Merkið við allt sem við á.

	Eingöngu	Að mestu leiti	Nokkuð	Lítið	Ekki notuð
Að skrifa sig til læsis - <u>ASL</u>	☐ Að skrifa sig til læsis - <u>ASL</u>	☐ Að skrifa sig til læsis - <u>ASL</u>	☐ Að skrifa sig til læsis - <u>ASL</u>	☐ Að skrifa sig til læsis - <u>ASL</u>	☐ Að skrifa sig til læsis - <u>ASL</u>
Byrjendalæsi	☐ Byrjendalæsi	☐ Byrjendalæsi	☐ Byrjendalæsi	☐ Byrjendalæsi	☐ Byrjendalæsi
Heildaraðferðir/LTG	☐ Heildaraðferðir/LTG	☐ Heildaraðferðir/LTG	☐ Heildaraðferðir/LTG	☐ Heildaraðferðir/LTG	☐ Heildaraðferðir/LTG
Hljóðaaðferð	☐ Hljóðaaðferð	☐ Hljóðaaðferð	☐ Hljóðaaðferð	☐ Hljóðaaðferð	☐ Hljóðaaðferð
<u>PALS</u>	☐ <u>PALS</u>	☐ <u>PALS</u>	☐ <u>PALS</u>	☐ <u>PALS</u>	☐ <u>PALS</u>
Stýrð lestrarkennsla (Direct Instruction)	☐ Stýrð lestrarkennsla (Direct Instruction)	☐ Stýrð lestrarkennsla (Direct Instruction)	☐ Stýrð lestrarkennsla (Direct Instruction)	☐ Stýrð lestrarkennsla (Direct Instruction)	☐ Stýrð lestrarkennsla (Direct Instruction)

Annað, tilgreinið:

10. Hvernig er samstarfi við foreldra/forráðamenn varðandi mál og læsi háttað?

- ☐ Samstarf um lestrarþjálfun
- ☐ Fræðsla fyrir foreldra/forráðamenn um hlutverk þeirra í lestrarnámi
- ☐ Fræðsla fyrir foreldra/forráðamenn um hlutverk þeirra í máluppeldi barna
- ☐ Skil á niðurstöðum úr málþroska- og lestrarskimunum til foreldra/forráðamanna
- ☐ Annað, tilgreinið

Leikskólar - Könnun vegna vinnu með læsi í skólasterfi

Könnun vegna vinnu með læsi í skólasterfi.

Að ósk Skóla- og frístundaráðs er starfandi starfshópur um læsi. Eitt af hlutverkum hans er að afla upplýsinga um vinnu með mál og læsi í leikskólasterfi. Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningum.

1. Nafn leikskólans

2. Er starfandi læsisteymi í skólanum?

- ☐ Já
- ☐ Nei

3. Ef já, hvert er hlutverk þess? Merkja má við fleiri en eitt atriði.

- ☐ Búa til læsisáætlun fyrir skólann út frá læsisstefnu borgarinnar, Lesið í leik
- ☐ Uppfæra læsisáætlun
- ☐ Skipuleggja og hafa umsjón með mati á stöðu barna
- ☐ Úrvinnsla og gerð aðgerðaáætlunar í kjölfar mats á stöðu barna
- ☐ Stuðningur við kennara og starfsfólk varðandi málproska og læsi
- ☐ Annað, tilgreinið

|

4. Er læsisáætlun til í skólanum?

- ☐ Já en hún hefur ekki verið uppfærð í samræmi við læsisstefnu Reykjavíkurborgar, Lesið í leik
- ☐ Já hún hefur verið uppfærð í samræmi við læsisstefnu Reykjavíkurborgar, Lesið í leik
- ☐ Nei

5. Er læsisáætlun skólans sýnileg á heimasíðu skólans?

- ☐ Já
- ☐ Nei

6. Hvaða skimun er lögð fyrir árganga í leikskólanum. Merkja má við fleiri en eitt atriði.

- ☐ Hljóm2
- ☐ EFI2
- ☐ TRAS
- ☐ Orðaskil
- ☐ Íslenski þroskalistinn
- ☐ Stafakönnun
- ☐ Engin skimun er lögð fyrir árganga
- ☐ Annað, vinsamlegast skráið nafn skimunar.

7. Hvernig eru niðurstöður skimana nýttar? Merkja má við fleiri en eitt atriði.

- ☐ Áætlun gerð fyrir allan leikskólann
- ☐ Áætlun gerð fyrir árgang

8. Er samvinna varðandi málþroska og læsi í hverfinu milli leik- og grunnskóla og frístundastarfs?

- ☐ Já
- ☐ Nei

9. Ef já, hverskonar samstarf? Merkja má við fleiri en eitt atriði.

- ☐ Við grunnskóla í nágrenninu
- ☐ Við aðra leikskóla
- ☐ Við frístundastarf
- ☐ Við alla leik-og grunnskóla og frístundastarf í hverfinu

10. Hvernig er samstarfi við foreldra/forráðamenn varðandi mál og læsi háttað?

Fylgiskjal 3, áhrifalíkan

Miðja máls og læsis – Áætlun 2018 – 2023 Markmið Fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings				
Aðföng	Aðgerðir	Afurðir	Markmið	Áhrif
1. Ráðgjafar MML kynna sér vel gerðar áætlanir sem fyrirmyndir (RTI) 2. Ráðgjafar MML afla upplýsinga um læsisteymi á hverri starfsstöð og með spurningakönnunum. 3. Ráðgjafar MML kynna sér fyrirmyndar samstarf. Útbúa leiðbeiningar og senda til skóla. 4. Ráðgjafar MML kynna sér rannsóknir sem tengjast málþroska og læsi. Taka þátt í rástefnum og fræðslufundum. 5. Ráðgjafar MML afla sér upplýsinga um vinnulag skóla vegna barna í áhættu. Kynna sér rannsóknir og aðferðir helma og erlendis.	1. Útbúa ramma fyrir áætlun. Sendur til allra grunnskóla í janúar 2018 2. Í viðtölum koma fram upplýsingar um læsisteymi og ráðgjöf veitt. 3. Ráðgjafar MML veita ráðgjöf um samstarf. byrjað þar sem þörfin er mest 4. Ráðgjöf í viðtölum við stjórnendur, kennara og starfsfólk. Kynningar á læsihjólinu. Fræðsla samkvæmt óskum starfsstöðva og tilboðum MML. 5. Ráðgjöf MML til stjórnenda, kennara og starfsfólks. Að auka þekkingu um stöðu barna í áhættu.	1. Leiðbeiningar fyrir læsisáætlun og lestraráætlunir. 2. Í læsisáætlun séu upplýsingar um læsisteymi, hlutverk þess og verkefni. Innkalla áætlunir vorið 2018 3. Samstarf og samræður. Haustið 2019 verði samstarfsáætlun máls og læsis til í öllum hverfum 4. Fagleg orðræða um málþroska og læsi er virk meðal stjórnenda, kennara og starfsfólks skóla. 5. Verkerfjar til stjórnenda, kennara og starfsfólks vegna barna í áhættu. Samvinna við þjónustumiðstöðvar.	1. Virkar læsisáætlunir. 2. Virk læsisteymi í leik- og grunnskólum og í frístund. 3. Samstarf á milli skóla og skólastiga og frístundar. 4. Efla orðræðu um mál og læsi. 5. Öflugum stuðningi beitt við nám og sérkennslu barna í áhættu er varðar mál og læsi.	Öflug fagmennska stjórnenda, kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi í vinnu með málþroska og læsi. Aðgengi að ráðgjöf og fræðslu alls starfsfólks í skóla- og frístundastarfi verði tryggt. Með því er stutt við markmið Hvítbókar og SFS um að 90% grunnskólabarna nái lágmarksmiðmiðum í lestrarskímun í 2. bekk (Læsi2) innan 5 ára og öðru hæfniprepi í Pisa (skýrsla fagráðs... bls. 5).

Miðja máls og læsis – Áætlun 2018 – 2023
Markmið Fagraðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings

Aðföng	Aðgerðir	Afurðir	Markmið	Áhrif
6. Ráðgjafar MML afla sér upplýsinga um vinnulag skóla. Kynna sér rannsóknir og aðferðir helma og erlendis. 7. Ráðgjafar MML kynna sér skimunartæki og vel gerðar áætlanir sem fyrirmyndir. Kynna sér rannsóknir og aðferðir helma og erlendis. 8. Ráðgjafar MML kynna sér hver þörfin er í skólasamfélaginu hverju sinni varðandi námsefni, fræðslu og rannsóknarefni. Skoða rannsóknir og verkefni háskólanema.	6. Bjóða upp á helmsóknir og sérsníðna fræðslu og ráðgjöf fyrir hverja starfsstöð. Einnig skipuleggur MML fræðslu. 7. Ráðgjafar MML veita ráðgjöf um vinnulag og hvernig nýta skuli niðurstöður. Útbúið sé viðmiðunarverklag sem fell m.a. í sér skil á niðurstöðum innan skóla og milli skólastiga. 8. Samráð við háskólasamfélagið um námskeið. Samræður um viðfangsefni sem áhugavert væri fyrir háskólanemendur að rannsaka. Reglulegir fundir með læsisteymi og námsgagnasviði MMS.	6. Ráðgjöf og fræðsla til stjórnenda, kennara og starfsfólks 7. Verklagslýsing um mat á stöðu barna og nýtingu niðurstaðna til gagns fyrir börn og skólastarf. 8. Námskeið á vegum háskólanna. Samvinna við kennara og nema í framhaldsnámi (rannsóknir). Samstarf við Menntamálastofnun.	6. Stjórnendur, kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi fái öfluga fræðslu og ráðgjöf um mál og læsi. 7. Allir leik- og grunnskólar útbúi sér áætlun um að meta stöðu barna og nýti niðurstöður til gagns fyrir börnin og skólastarfið. Sú áætlun sé hluti af læsisáætlun og verði tilbúin vorið 2018 8. Samstarf við háskólasamfélagið og menntamálayfirvöld.	Öflug fagmennska stjórnenda, kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi í vinnu með málþroska og læsi. Aðgengi að ráðgjöf og fræðslu alls starfsfólks í skóla- og frístundastarfi verði tryggt. Með því er stutt við markmið Hvítbókar og SFS um að 90% grunnskólabarna nái lágmarksniðmiðum í lestrarskimun í 2. bekk (Læsi2) innan 5 ára og öðru hæfniprepi í Pisa (skýrsla fagraðs... bls. 5).

Miðja máls og læsis – Áætlun 2018 – 2023
Markmið Fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings

Aðföng	Aðgerðir	Afurðir	Markmið	Áhrif
9. Ráðgjafar MML kynna sér leiðir og aðferðir sem eru notaðar til að efla málþroska og læsi í leikskólum og frístundastarfi. Auk þess að kynna sér rannsóknir á þessu sviði. 10. Ráðgjafar MML kynna sér leiðir og aðferðir sem eru notaðar í grunnskólum. Auk þess að kynna sér rannsóknir og aðferðir í lestraræðslu.	9. Bjóða upp á fræðslu um leiðir og aðferðir sem nýtast í vinnu með mál og læsi. Benda á góðar hugmyndir. MML heldur kynningar, ráðstefnur, námskeið og heldur úti heimasíðu o.fl. 10. Bjóða upp á fræðslu um leiðir og aðferðir sem nýtast í vinnu með mál og læsi. Benda á góðar hugmyndir. MML heldur kynningar, ráðstefnur, námskeið og heldur úti heimasíðu o.fl.	9. Markvisst er unnið með alla þætti máls og læsis (læsishjólíð). Meðal annars er lögð áhersla á málhvetjandi umhverfi, leikinn, orðaforða, frásagnir, samskipti og hjóðkerfisvitund. 10. Markvisst er unnið með alla þætti máls og læsis (læsishjólíð). Allir kennarar séu meðvitaðir um að þeir eru læsiskennarar (faggreinakennarar, list- og verkgreinakennarar, íþróttakennarar...). Meðal annars er lögð áhersla á læsishvetjandi umhverfi, leikinn, hjóðkerfisvitund, hjóðávitund, orðaforða, málskilning, lesfimi og ritun.	9. Markviss vinna með mál og læsi í leikskólum og frístundastarfi. 10. Markviss lestraræðsla í 1. – 10. bekk	Öflug fagmennska stjórnenda, kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi í vinnu með málþroska og læsi. Aðgengi að ráðgjöf og fræðslu alls starfsfólks í skóla- og frístundastarfi verði tryggt. Með því er stutt við markmið Hvítbókar og SFS um að 90% grunnskólabarna nái lágmarksmiðmiðum í lestraræðslu í 2. bekk (Læsi2) innan 5 ára og öðru hæfniprepi í Pisa (skýrsla fagráðs... bls. 5).